



Björgunarsveitarfólk leitaði á sunnanverðum Reykjaneskaganum í gær að fatnaði og farsíma Birnu. Ekki er áætlað að halda leit áfram í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNARATLI

## Birna var á lífi við komuna á bryggjuna

Lögreglan rannsakar hvort Birnu Brjánsdóttur hafi verið ráðinn bani við bryggjusporðinn á Hafnarfjarðarhöfn. Gengið er út frá því að Birnu hafi ekki verið unninn miski fyrr en eftir að hún var ein í bílnum með Thomas Møller Olsen, sem grunaður er um að bana henni.

**LÖGREGLUMÁL** Birna Brjánsdóttir var á lífi um borð í rauða Kia Rio bílnum, þegar hann kom til Hafnarfjarðarhafnar að morgni laugardagsins 14. janúar síðastliðins. Rannsókn lögreglu miðast við að henni hafi ekki verið unnið mein fyrr en eftir að skipverjinn, sem sat í gæsluvarðhaldi í tvær vikur grunaður um aðild að málinu, var farinn um borð í togarann Polar Nanoq.

Heimildir Fréttablaðsins herma að lögregla gangi nú út frá því að Birnu hafi verið unninn mestur miski á bryggjusporðinum við Hafnarfjarðarhöfn á milli 6.10 og 7 að morgni þegar Thomas Møller Olsen var einn með henni í bílnum. Eins og áður hefur verið greint frá í fjölmiðlum kom bílaleigubíllinn sem hann hafði til umráða að Hafnarfjarðarhöfn klukkan rúmlega sex um morguninn. Í upp-

tökum eftirlitsmyndavéla á svæðinu sjást skipverjarnir tveir koma út úr bílnum, ræðast við í stutta stund, áður en Nikolaj fer um borð í skipið en Thomas Møller keyrir að enda bryggjunnar og er þar í um 50 mínútur. Þá ók bíllinn burt af hafnarsvæðinu en lögregla hefur reynt að rekja ferðir hans til 11.30 um morguninn.

Heimildir Fréttablaðsins herma jafnframt að eftir að skipverjinn,

» Birna Brjánsdóttir hvarf af Laugavegi klukkan 5.25, laugardagsmorguninn 14. janúar síðastliðinn.

sem nú hefur verið látinn laus, hóf að greina frá málavöxtum um morguninn hafi lögreglu orðið ljóst að saga hans stóðst og ekki séð ástæðu til að draga í efa að hann hafi ekkert með morðið á Birnu að gera.

Í fréttum Stöðvar 2 í gær var greint frá því að líklega hafi Birnu verið kastað af brúnni á Vogsósi, sex kílómetrum frá Selvogsvita þar sem hún fannst látin. — snæ

### SVÞ vilja lyf í matvörubúðir

**VIÐSKIPTI** Hópur um lausasölulyf innan Samtaka verslunar og þjónustu, vill að almennum verslunum verði heimilt að selja væg verkjalyf, ofnæmislyf og önnur ólyfseðilsskyld lyf. Krafan er í samræmi við vilja fyrirtækja sem reka helstu matvöruverslanir landsins.

Í skýrslu frá hópnum segir að hömlur á sölu ólyfseðilsskyldra lyfja hér á landi séu mun meiri en í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við.

Lóa María Magnúsdóttir, formaður Lyfjafraeðingafélags Íslands, segist spyrja sig að því hver beri ábyrgð ef til eitrunar sjúklings kemur. Núverandi fyrirkomulag geri það að verkum að lyfjafraeðingur sé alltaf til staðar til að ráðleggja með töku lausasölulyfja og sú sérfræðipjónusta auki öryggi sjúklinga. snæ / sjá síðu 4

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson skrifar um Fanga. 9

**TÍMAMÓT** VG fagnar 18 ára afmæli sínu í dag. 10

**SPORT** Romelo Lukako er leikmaður helgarnar eftir að hafa skorað fjögur mörk 12

**LÍFIÐ** Örvar Smáráson stígur einn á svið á Sónarhátíðinni. 22

**PLÚS SÉRBLAÐ** FÓLK

\*Samkvæmt prentmiðlaskönnun Gallup apríl-júní 2015



N1 kortið færir þér bæði afslátt og punkta



ÖSKUDAGUR 2017




SMÁRALIND

GÖTU-MARKAÐUR SÍDASTI DAGURINN



OPIÐ TIL 19 Í DAG

## Veður



Vaxandi austanátt í dag og þykkar upp. Stormur um kvöldið, slydda og síðan rigning sunnan- og austanlands, en hægari og úrkomulítið norðvestantil á landinu. Hiti 0 til 6 stig. **SJÁ SÍÐU 16**



Lögreglan handtók eftirlýstan mann aðfaranótt sunnudags. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Braut rúðu vegna kynþáttaníðs

**LÖGREGLUMÁL** Mikill erill var hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Í gærmorgun var tilkynnt um erlendan ferðamann sem hafði brotið rúðu í bifreið í miðborginni. Þegar lögreglu bar að garði bar maðurinn því við að hafa reiðst islenskum manni sem hafði uppi niðrandi tal til hans vegna kynþáttar hans.

Klukkustund síðar var tilkynnt um ölvaðan mann sem braut rúðu í húsi í Vesturbænum, en lögregla hafði einnig afskipti af þeim manni og hann var vistaður í fangageymslu. Í tilkynningu frá lögreglu má finna alls 26 tilvik þar sem lögregla hafði afskipti af mönnum aðfaranótt sunnudags vegna ölvunarakstur og akstur undir áhrifum fíkniefna. Þá aðstoðaði lögreglan meðal annars mann sem svaf áfengissvefni í miðbænum og ofurólvi manni sem var vis til þess að fara sér að vöða í Hafnarfirði.

Þá stöðvaði lögreglan för öku-manns vegna gruns um akstur undir áhrifum fíkniefna. Kom í ljós að maðurinn var einnig eftirlýstur og var tekin skýrsla af honum þegar hann hafði rænu til. - snæ

# 26

tilvik þar sem lögregla hafði afskipti af mönnum vegna ölvunar þeirra

## Ólympíufarinn varð að sætta sig við silfrið



Tíundu Reykjavíkurlækingnum lauk í gær en keppni hefur staðið undanfarnar tvær helgar í 22 íþróttgreinum víðsvegar um höfuðborgina. Ein af lokagreinunum á leikunum var keppni í listhlaupi á skautum. Þar varð hin ástralsk-bandaríska Brooklee Han að sætta sig við silfur en hún varð í 20. sæti á síðustu Ólympíuleikum. Sigurvegarinn var Karly Robertson frá Skotlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Stutt og snarpt fjölmiðlabann

**KJARAMÁL** Sjómannasamband Íslands segir Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi hafa viljandi sett viðræður félaganna í hnút með fréttabréfi þeirra til félagsmanna sinna um bókun Sjómannasambandsins á fundi ríkissáttasemjara.

Þá var sett fjölmiðlabann á viðsemjendurna og ákveðið að ekki mætti ræða efnisatriðið kjaraviðræðanna opinberlega. Í tilkynningu frá Sjómannasambandinu, sem send var út í gærkvöldi, segir: „Sáttasemjari hafði varla lokið máli sínu þegar SFS greinir frá bókun sem fulltrúar sjómanna settu fram. SFS gerir því skóna að bókunin sé í raun ný krafa frá sjómönnum. Og að sjómenn vilji ekki semja.“ Í fréttabréfinu sem SFS sendi á félagsmenn sína á laugardag, sagði að með bókun Sjómannafélagsins, hefði komið fram ný og áður órædd krafa í deilunni. Bókunin sýndi viljaleysi til að ná farsælli lendingu í kjaraviðræðunum. - snæ

# Kaupa hús og uppræta greni við Valhallarreit

Rífa á 72 ára sumarbústað sem ríkið keypti á Þingvöllum á 35 milljónir og fjarlægja greniskóg á lóðinni sem stendur næst Valhallarreitnum. Skógurinn hefur „slæm sjónræn áhrif“ tekur forsætisráðuneytið undir með Þingvallanefnd.

**UMHVERFISMÁL** Ríkissjóður hefur keypt sumarbústað við Valhallarreit að ósk Þingvallanefndar sem hyggst rífa húsið og „uppræta og fjarlægja greniskóginn“, eins og segir í bréfi Ólafs Arnar Haraldssonar þjóðgarðsvörðar í bréfi til forsætisráðuneytisins.

„Opnun lóðarinnar fyrir almenn-ing og uppræting greniskógarins myndi bæta til muna ásýnd þjóðgarðsins, bæði fyrir gangandi gesti sem og þá sem njóta útsýnis frá Hakinu,“ segir Ólafur Örn Haraldsson í bréfi þar sem óskað er eftir heimild og aðstoð forsætisráðuneytisins við kaup á húsinu.

„Fyrirsjáanlegt er að núverandi sumarbústaður og greniskógur stendur í vegi fyrir tengingu sem nú er rætt um að verði milli aðal-aðstöðu ferðamanna á Hakinu og svæðisins við Valhallarreitinn og umhverfisins við Öxará,“ skrifar þjóðgarðsvörður og bætir við að svigrúm þurfi vegna stórvíðburða, meðal annars árin 2018 og 2030.

Húsið sem um ræðir er ríflega 70 ára, byggt 1945, og er 49 fermetrar. Bústaðurinn, sem var í eigu tíu einstaklinga úr sömu fjölskyldunni, var endurbyggður fyrir um aldar-fjórðungi að því er fram kemur í verðmati sem fasteignasalan Eignamiðlun vann fyrir Þingvallanefnd. Eignamiðlun sagði húsið virðast vera í mjög góðu ástandi.

„Staðsetning er einstök eða nánar tiltekið næsta lóð vestan við lóðina þar sem áður stóð Hótel Valhöll. Lóðin er skógi vaxin,“ segir Eignamiðlun um sjálfan staðinn sem er leigulóð í eigu ríkisins.

Eignamiðlun mat verðmæti bústaðarins 35 milljónir króna. Í



Tré austan Þingvallabæjarins voru felld 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Opnun lóðarinnar fyrir almenningu og uppræting greniskógarins myndi bæta til muna ásýnd þjóðgarðsins.**

Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum



bréfi til fjármálaráðuneytisins í ágúst síðastliðnum tók forsætisráðuneytið undir ósk Þingvallanefndar um kaup á húsinu.

„Þingvallanefnd telur mikilvægt af skipulagsástæðum að fá umráð yfir lóðinni sem er 5.600 fermetrar,

uppræta greniskóg sem er á lóðinni og hefur slæm sjónræn áhrif og opna aðgang að henni fyrir almenningu,“ segir í bréfi forsætisráðuneytisins. Kaupin voru síðan gerð í september 2016 fyrir áður nefnda upphæð.

Samkomulag er í gildi milli Skógræktar ríkisins og þjóðgarðsins á Þingvöllum um að erlend tré innan þinghelginnar skuli felld þótt Skógræktin standi vörð um lundir utan þinghelginnar.

„Trén sem voru í kring um Valhöll voru felld á grundvelli þess samkomulags,“ segir Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri og vísar til þess að talsvert var felld af gömlum og háum grenitjám milli Valhallarreitsins og umræddrar sumarbústaðarlóðar á árinu 2006. gar@frettabladid.is



*Heimilis*

## RIFINN OSTUR

Er nú á tilboði

Ómissandi á pizzuna, í ofn- og pastaréttina, á tortillurnar og salatið.

370 g  

# Til hamingju

MEÐ NÝJU HRAÐHLEÐSLUSTÖÐINA

Johan Rönning óskar ON innilega til hamingju með nýja hraðhleðslustöð sem hefur verið tekin í notkun við Smáralind.



# Fjórar vélar sem geta lesið númeraplötur keyptar í miðborgina

**SAMFÉLAG** Samþykkt var á fundi borgarráðs Reykjavíkur á fimmtudag að verja fjórum milljónum króna til að kaupa nýjar öryggismyndavélar fyrir miðborgina og fleiri staði. Verður miðbærinn þá vaktadur af um 30 myndavélum sem búnar verða nýjustu tækni og bætast fjórar myndavélar við sem geta lesið bílnúmer. Er stefnt að því að kerfið verði komið upp í maí. Kostar hver númeramyndavél um 500 þúsund krónur og munu þær geta borið saman bílnúmer og hvort það sé skráð í málaskrá lögreglunnar á örskotstíma. Er þetta

gríðarlegt framfaraskref en eins og alþjóð man gat lögreglan ekki séð bílnúmer á Kia Rio bifreið sem lögreglan þurfti að finna í tengslum við mál Birnu Brjánsdóttur. Þurfti lögreglan að nota útilokunaraðferðina og skoðaði 126 slíka bíla.

Í greinargerð Dags B. Eggertssonar borgarstjóra um málið segir að árið 2012 hafi verið keyptar tólf öryggismyndavélar og séu fjórar þeirra nú óvirkar. Síðan hafi verið keyptar átján öryggismyndavélar tveimur árum síðar. Er fyrirhugað að skipta út ellefu vélum frá 2014 fyrir nýrri vélar og kaupa fjórar vélar sem

## 30

Öryggismyndavélar í miðbænum verða útbúnar nýjustu tækni.

geta lesið númeraplötur bíla. Alls er kostnaður áætlaður um fjórar milljónir.

Reykjavíkurborg, Neyðarlínan og lögreglan í Reykjavík gerðu samkomulag um verkaskiptingu um



Fjórar númeramyndavélar verða í miðborginni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

endurnýjun öryggismyndavéla í miðborginni og rekstur kerfisins árið 2012. Hlutverk borgarinnar var að kaupa vélar, Neyðarlínan tók að sér að flytja merkið frá vélunum til lögreglunnar og sjá um viðhald og rekstur og lögreglan tók að sér að geyma gögnin og jafnframt hefur hún nýtt sér vélar til löggæslustarfa í miðborginni.

Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar, gat ekki tjáð sig um málið þegar eftir því var leitað en sagði að stefnan væri að vélar væru komnar upp í byrjun maí. [benediktboas@365.is](mailto:benediktboas@365.is)



Snjónum kyngir niður. NORDICPHOTOS/AFP

## Tugir látist í snjóflóðum

Tugir manna hafa slasast í snjóflóðum og snjó hefur kyngt niður í Afganistan og Pakistan og hefur flugvöllur og vegum meðal annars verið lokað vegna ísingar. Snjódýptin hefur farið upp í 2,5 metra.

Talið er að um 100 manns hafi látið lífið síðastliðna þrjá daga í Afganistan, þar á meðal 16 manns í snjóflóði sem féll norðan við höfuðborgina Kabúl. Þau svæði sem verst hafa orðið úti eru Badakhshan í norðausturhluta Afganistans, Nangahar í austurhlutanum og Parwan sem er skammt frá Kabúl.

Þrettán manns hafa látið lífið í snjóflóðum í Norður-Pakistan. Bærinn Chitral skemmdist mikið í snjóflóði og vitað er um níu látna, en talið er að fjöldi manna sé enn undir snjónum. - eas

# 100

manns eru taldir hafa látið lífið síðastliðna þrjá daga í Afganistan, þar á meðal 16 manns í snjóflóði sem féll norðan við höfuðborgina Kabúl.

# Vilja stórauka frelsi í lyfsölu

Hópur innan Samtaka verslunar og þjónustu vill að ákveðin lyf geti fengist í öðrum verslunum en apótekum, svo sem matvöruverslunum. Formaður lyfjafræðinga spyr hver beri ábyrgð ef til eitrunar kemur.

**VIÐSKIPTI** Hópur um málefni lausasölulyfja innan Samtaka verslunar og þjónustu vill að hömlum verði létt á sölu ákveðinna lyfja. Í dag mega einungis apótek sjá um sölu lyfja og verða lyf að vera innan við afgreiðsluborð. Eina undantekningin frá þessu er sala smárra skammta af nikótínlyfjum.

Fréttablaðið greindi frá því árið 2014 að forstjórar Haga og Kaupáss, fyrirtækja sem reka meðal annars Bónus, Hagkaup og Krónuna, hefðu áhuga á því að taka upp sölu lausasölulyfja í dagvöruverslunum. Sem dæmi um lausasölulyf má nefna væg verkjalyf, ofnæmislyf og magalyf.

Brynjúlfur Guðmundsson, forvarsmaður lausasölulyfjahóps SVÞ, segir að í drögum að nýjum lyfjalögum sem kynnt voru á Alþingi í upphafi síðasta árs hafi verið gert ráð fyrir að Lyfjastofnun gæti veitt leyfi til slíkrar sölu. Þetta atriði hafi þó verið tekið út í meðförum heilbrigðisráðherra með frumvarpið nema með undantekningu fyrir svæði þar sem ekki er apótek í næsta nágrenni.

Hópurinn leggur til að lyfjum sem ekki eru lyfseðilsskyld verði skipt í tvennt og þau fari ekki öll sjálfkrafa í almenna sölu heldur séu væg verkjalyf í litlum pakkningum gerð aðgengileg en stærri skammtar verði enn í meðförum apótekanna. „Það sem er möguleiki að fólk geti ofnotað yrði bara í apótekum. Þetta eru bara helstu lyfin sem fólk notar dagsdaglega, ofnæmislyf, kveflyf og hitastillandi fyrir börn. Börn fá ekki bara hita á daginn á milli 9 og 5. Apótek úti á landi eru stundum bara opin nokkra virka daga í viku á milli tíu og tvö. Þetta snýst um að bæta aðgengi og heilbrigði þjóðarinnar,“ segir Brynjúlfur.



Á Íslandi eru lyf seld yfir borðið í apótekum, óháð styrk þeirra eða magni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í skýrslu sem hópurinn lét vinna fyrir sig til að bera saman íslenskt lyfjasöluhverfi við umhverfið í nágrannalöndum okkar, kemur fram að salan sé meiri takmörkunum háð hér en gengur og gerist í löndunum í kring. Í Noregi og Svíþjóð er til að mynda sala slíkra lyfja heimil í almennum verslunum og þar er netverslun einnig heimil á lyfjum. Þá tíðkist í fæstum Evrópulöndum að öll lyf séu á bak við afgreiðsluborðið í stað þess að vera í rekkum apótekanna. Það fyrirkomulag komi í veg fyrir að neytendur geti sjálfir

**Þetta er ekki Smarties**

Lóa María Magnúsdóttir, formaður Lyfjafræðingafélags Íslands.

gert almennilegan verðsamanburð eða annan samanburð á lyfjunum sem í boði eru.

Lóa María Magnúsdóttir, formaður Lyfjafræðingafélags Íslands, segir að leggja verði áherslu á öryggi við

sölu slíkra lyfja. Í öllum apótekum sé alltaf lyfjafræðingur á vakt sem beri ábyrgð á sölu. „Fari lausasölulyf í almennar verslanir, hver ber þá ábyrgðina? Hver á að tala við sjúklinginn og ræða við hann um önnur lyf og þær hættur sem fylgja því að taka lausasölulyf. Þetta er ekki Smarties,“ segir Lóa.

„Í nágrannalöndum okkar hafa komið upp alvarleg eitrunartilvik vegna paracetamols. Það er verið að breyta reglunum þar vegna þess,“ segir hún jafnframt. [snaeros@frettabladid.is](mailto:snaeros@frettabladid.is)



## FIAT TIPO

VERÐ FRÁ: 2.790.000 KR.

5 ÁRA  
ÁBYRGÐ

ÞAÐ ÞARF SVO LÍTIÐ TIL AÐ FÁ HEILMIKIÐ FIAT TIPO HLAÐINN AUKABÚNAÐI – MEÐ FIMM ÁRA ÁBYRGÐ KOMDU OG REYNSLUAKTU NÝJUM FIAT. VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR, RJÚKANDI HEITT KAFFI Á KÖNNUNNI

Bill á mynd Fiat Tipo 1.4 Lounge 2.990.000 kr.



fiatland.is

# Yfir 7 milljónir stóla seldar

**ÞÚ  
SPARAR  
100.000 KR.**



## Aeron

Frá því að Aeron stóllinn kom til sögunnar árið 1994 hafa aðrir framleiðendur skrifstofustóla reynt að taka hann sér til fyrirmyndar. Með því að hleypa gegnum sig hita líkamans og öðrum snjöllum lausnum, breytti þessi brautryðjandi öllum viðmiðum fyrir skrifstofustóla eins og við þekkjum þá í dag.

**Hönnun: Bill Stumpf & Don Chadwick**

- Hæðarstilling
- Fæst í þremur stærðum A, B og C
- Stillanlegur mjóhryggsstuðningur
- Samhæft stilling setu og baks — fylgir hreyfingum þínum
- Sjálfstæð hallastilling fyrir setu og bak
- Mótstöðustilling fyrir mismunandi þyngd
- Fjölstillanlegir leðurarmar
- Mjúk eða hörð hjól
- Sérhannað, sterkt net í setu og baki
- – sem hleypir út líkamshita
- Fæst með hækkun og fóthring
- Stóllinn er 94% endurvinnanlegur
- Þolir 135 kg

**12** ÁRA ÁBYRGÐ

5 ár á neti, hæðarpumpu og armpúðum

Tilboðsverð

**199.875 kr.**

Verð áður 299.875 kr.

Tilboðið gildir til 15. febrúar 2017

Vnr: H4AU123AF

**HermanMiller**



Veðurmælingar hófust í Stykkishólmi haustið 1845 og aldrei hefur verið hlýrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hlýjasta árið í 171 árs sögu veðurmælinga

**NÁTTÚRA** Það liggur nú fyrir að árið 2016 er það hlýjasta frá upphafi mælinga á Íslandi. Þetta sýna samfelldar veðurathuganir í Stykkishólmi nær 171 ár aftur í tímann eða til haustsins 1845.

Þetta kemur fram í skrifum þeirra Halldórs Björnssonar, hópstjóra loftslagsrannsóknna, og Trausta Jónssonar, sérfræðings í veðurfarsrannsóknnum, hjá Veðurstofu Íslands.

Mæliröðin er lengsta órofná mæliröð á Íslandi og á tímabilinu lýsa þeir Halldór og Trausti sögu hitafars í Stykkishólmi, og líklega á landinu öllu, þannig að veðurfar var kalt á síðari hluta 19. aldar og ekki tók að hlýna verulega fyrr en á þriðja áratug 20. aldar. Hlýindakaflanum lauk á sjöunda áratugnum en þá tók við kuldaskeið fram undir lok

aldarinnar. Síðan þá hefur hlýnað og eru síðustu ár með þeim hlýjstu frá því mælingar hófust og síðasta ár það allra hlýjasta.

Á hnattræna vísu var árið 2016 einnig hlýjasta ár síðan farið var að mæla hita nægilega víða til þess að leggja megi traust mat á meðalhita jarðar, skrifa þeir Halldór og Trausti.

„Eðlilegt er að líta á þá hlýnun sem orðið hefur í Stykkishólmi síðan mælingar hófust, sem sambland af áratugalöngum hitasveiflum og hnattrænni hlýnun. Meðan ekki dregur úr hnattrænni hlýnun er því líklegt að til lengri tíma litið hlýni áfram í Stykkishólmi þótt náttúrulegar sveiflur í hitafari kunni að draga úr eða auka við hlýnun nokkra áratugi í senn.“

– shá

## Börn í tónlistarnámi muna betur

**MENNTUN** Börn sem læra á hljóðfæri eða eru í söngnámi eiga betra með að muna tölur en önnur börn. Þetta er niðurstaða rannsóknar á 20 þúsund nemendum í 330 grunn- og framhaldsskólum í Danmörku.

Vísindamennirnir sem stóðu að rannsókninni segja að ekki sé hægt að draga þá ályktun að minni barna verði betra stundi þau nám í tónlist. Tengsl þar á milli séu hins vegar greinileg. Ekki er útilokað að börn með gott vinnuninni leggi frekar stund á tónlistarnám.



Á hátíð tónlistarnemenda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Snoðað sofandi



Nú fer fram Thaipusam-hátíðin í Kúala Lúmpúr. Á hátíðinni eru hinir heilögu Batu-hellar heimsóttir. Þeir sem taka þátt í skruðgöngunni þangað klæðast skruðklæðum. Þetta litla barn var svo snoðað samkvæmt fornum venjum. Það virtist þó ekki kippa sér mikið upp við hamaganginn. Thaipusam-hátíðin er mikilvægur viðburður í trúarlífi Tamila á Indlandi, Sri Lanka, í Indónesíu og víðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Viðvörðunarkerfi má þróa með ölduspá

Strandverkfæringur hjá Vegagerðinni leggur til að ölduspákerfi stofnunarinnar verði nýtt til að setja upp viðvörðunarkerfi í Reynis- og Kirkjufjöru. Hægt er að meta hættustigið þar nokkra daga fram í tímann og gæti nýst viðbragðsaðilum.

**ÖRYGGISMÁL** Vegagerðin hefur sett fram þá hugmynd hvort koma ætti upp viðvörðunarkerfi í Reynisfjöru og Kirkjufjöru sem byggir á ölduspákerfi Vegagerðarinnar. Í krafti kerfisins er mögulegt að spá fyrir um hættustigið á þessum vinsælu ferðamannastöðum nokkra daga fram í tímann.

Þetta kemur fram í minnisblaði Sigurðar Sigurðarsonar, strandverkfæringur hjá Vegagerðinni, þar sem því er velt upp hvort ekki sé mögulegt að nýta upplýsingarnar sem þegar liggja fyrir til að vara ferðamenn við hættulegum aðstæðum. Hann nefnir að ein leiðin væri að setja upp ljósabúnað sem varaði við hættulegum öldum. Eins mætti hugsa sér að upplýsingarnar nýtist fyrst og fremst þeim sem eftirlit hafa á staðnum – lögreglu og/eða björgunarsveitum.

Sigurður segir að hugmyndinni sé varpað fram án þess að það liggja fyrir á hvers verksviði vinna við slíkt verkefni ætti að vera og hvaðan fjármagn til þess kæmi. Hins vegar sé kerfið sem byggja ætti á þegar til staðar hjá Vegagerðinni þó þróun og uppsetning slíks kerfis, og öryggismál ferðamanna, séu ekki beint á verksviði stofnunarinnar.

Hættan sem stafar að ferðafólki á umræddum stöðum hefur verið í háumáli um nokkurn tíma. Skemmst er að minnast banaslyss í Kirkjufjöru í byrjun janúar – og ótal tilvika annarra þar sem ferðafólk hefur verið hætt komið. Þá virðist sem hefðbundin upplýsingaskilti dugi ekki til þess að vara við hættunni. Á sama tíma er vitað að aðdráttarafl



Hefðbundin upplýsingaskilti virðast ekki ná tilætluðum árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Því getur verið æskilegt að koma upp viðvörðunarkerfi þar sem varað er við hættulegum aðstæðum, kerfi sem getur metið hættustigið hverju sinni

Sigurður Sigurðsson, strandverkfæringur hjá Vegagerðinni



svæðisins er mikið og sókn ferðamanna þangað mun aukast frekar heldur en hitt.

Sigurður segir að mögulegt sé að þróa slíkt kerfi innan kerfisins Veður og sjólag sem rekið er af

Vegagerðinni, þar sem öldur af hafi verða reiknaðar upp að ströndinni með hugbúnaði nokkra daga fram í tímann. Til að reikningar öldunnar upp að ströndinni verði sem nákvæmastir sé þó nauðsynlegt að gerðar verði góðar dýptarmælingar framan við ströndina þar sem lögð verði áhersla á að ná þeim botnformum sem hafa áhrif á ölduna. Á þessu stigi sé ekki ljóst hvort báðar fjörur séu jafn útsettar fyrir öll veðurskilyrði.

„Því getur verið æskilegt að koma upp viðvörðunarkerfi þar sem varað er við hættulegum aðstæðum, kerfi sem getur metið hættustigið hverju sinni. Það þarf að finna út við hvaða aðstæður brim og öldugangur er hættulegur og við hvaða aðstæður það er síður hættulegt,“ segir Sigurður. [svavar@frettabladid.is](mailto:svavar@frettabladid.is)

# Útsala-Útsala!!

## 10-70% afsláttur af ÖLLUM eignum í búðinni!

Fylgist með á fésbók Virku. Opið einungis virka daga 10-18

# VIRKA

Mörkin 3 • 108 Reykjavík • Sími 568 7477

**SÍÐASTI SÉNS!**

**TAX  
FREE**

**SNYRTIVÖRU  
DAGAR**

**DAGANA 2.-6. FEBRÚAR  
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT\*  
AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM**

\*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,35% er alfarið á kostnað Hagkaups.

**HAGKAUP**  
*Skemmtilegast að versla*

## Fyrir hvern?



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

Enn og aftur skal látið reyna á frumvarp þess efnis á Alþingi að leyfa sölu áfengis í verslunum. Í gegnum tíðina hafa skoðanakannanir reyndar sýnt að meirihluti þjóðarinnar er andvígur þessari breytingu en það virðist þó ekki angra flutningsmenn tillögunnar sem koma úr röðum stjórnarflokkanna og Pírata. Það eitt er eilítið merkilegt í ljósi þess að í þessum flokkum er að finna vilja til þess að auka við beint lýðræði í landinu og draga úr forræðishyggju. En það hlýtur að felast ákveðin forræðishyggja í því að vilja hafa vit fyrir meirihluta landsmanna í þessu máli sem öðrum.

Þess vegna hljóta landsmenn að velja því fyrir sér hvert markmiðið er hjá flutningsmönnum tillögunnar með að vilja hafa vit fyrir þeim í þessum efnum? Augljósasta skýringin er að flutningsmenn frumvarpsins telji að það sé mikilvægt þjóðþrifamál að auka umtalsvert aðgengi að áfengi. Að það sé hægt að kaupa vín í næstu matvöruverslun og það jafnvel allan sólarhringinn. Meirihluti landsmanna er reyndar sáttur við núverandi fyrirkomulag, telur aðgengið nægilega gott og er einfaldlega ekki að kalla eftir breytingu á núgildandi fyrirkomulagi. Þannig að ekki er það vilji meirihluta landsmanna sem er verið að framfylgja með frumvarpinu.

Aðalástæða þess að meirihluti landsmanna er á móti því að auka aðgengi að áfengi er lýðheilsufræðilegs eðlis. Birgir Jakobsson landlæknir, hefur þegar tjáð sig um frumvarpið með afgerandi hætti og bent á að auknið aðgengi að áfengi leiði til aukinnar notkunar. Sérstaklega geti þetta átt við viðkvæma hópa á borð við ungmenni og þá sem þola illa áfengi og leiði þannig til aukins heilsutjóns á meðal landsmanna með tilheyrandi kostnaði fyrir þjóðfélagið. Ekki er það nú það sem Ísland vantar að auka álagið og kostnaðinn við rekstur heilbrigðiskerfisins, um það getum við eflaust öll verið sammála.

Líka flutningsmenn frumvarpsins umrædda, sem virðast þó lítið ræða þennan lýðheilsufræðilega þátt. Það er eins og aldrei sé búið að sanna með nægilega mörgum rannsóknum að auknið aðgengi hefur í för með sér aukna neyslu og skaðleg áhrif á heilsufar landsmanna til þess að það fari að hafa áhrif á ákvörðunina. Því miður minnir þetta nánast á oliuframleiðendur og talsmenn þeirra sem segja að það sé bara alls ekki sannað að loftlagsbreytingar séu af mannavöldum.

En er það ekki einmitt málið að hér er verið að vinna að hagsmunum annarra en meirihluta landsmanna? Því eina haldþæra skýringin sem stendur eftir er að flutningsmenn frumvarpsins eru að þjónusta hagsmunum verslunarinnar því þar vantar svo sannarlega ekki viljann til þess að selja vín. Það er auðvitað ekkert að því að þingmenn vinni að því gera starfsumhverfi verslunarinnar sem best og samkeppnina sem mesta. En það hlýtur að eiga að gerast á forsendum heildarhagsmuna þjóðarinnar. Á forsendu þeirra sem þingmenn þiggja vald sitt frá, en ekki á forsendum fyrir-tækja eða annarra hagsmunadila, því þingið á að vera í þjónustu þjóðarinnar. Alltaf og án undantekninga.



En er það ekki einmitt málið að hér er verið að vinna að öðrum hagsmunum en meirihluta landsmanna?

## Halldór



## Frá degi til dags

**Brennivín í búðir**  
Fastir liðir eins og venjulega eru kjörorð íslenskrar umræðu og enn einu sinni er nú rætt um hvort heimila eigi einkaaðilum að sjá um smásölu áfengis og afnema þar með einokun íslenska ríkisins á þeim rekstri. Slik frumvörp hafa reglulega verið lögð fram á Alþingi á undanförunum árum án þess að hafa verið til lykta leidd. Umræðan nú er með nákvæmlega sama hætti og verið hefur áður, flokksmenn á vinstri kantinum óttast aukna neyslu og lýðheilsuleg vandamál, en þeir sem aðhyllast frjálslyggju benda á líkindin við bjórbannið á sínum tíma og hneykslast á "forpokuðum," sem vilja skerða aðgengi frekar en hitt. Þriðji hópurinn, sem hneykslast er á umræðunni, er svo jafn hávær og hinir tveir til samans.

**Prinsippin**  
Á sama tíma hafa nokkrir þingmenn lagt fram frumvarp sem er allrar athygli vert. Frumvarpið gengur út á að ætlað samþykki sé fyrir líffæragjöf einstaklinga. Nánasti aðstandandi eða einstaklingar þurfi því að leggja sérstaklega gegn því að líffæri séu notuð að manni gengnum. Þetta frumvarp ætti að vekja upp áhugaverða og nauðsynlega umræðu um ákveðin frumprinsipp. Hafa einstaklingar raunverulegt vald yfir eigin líkama eða á ríkið okkur skuldlaust, nema annað sé tekið fram?  
snaeros@frettabladid.is

## Bjóða góðan dag alla daga með bros á vör



Anna Bjarnadóttir



Ásta Kristín Valgarðsdóttir  
leikskólastjóri í Garðabæ



Það er mikið áhyggjuefni hversu illa gengur að manna leikskólana.

Í dag, 6. febrúar, er Degi leikskólans fagnað í tíunda sinn, því er vert að óska leikskólakennurum og öðru leikskólafólki til hamingju með daginn.

Leikskólinn er einn af hornsteinum samfélagsins og hefur margbreytilegu hlutverki að gegna. Hann er menntastofnun, þjónustustofnun og vinnustaður fjölmargra starfsmanna. Ekkert skólastig hefur tekið jafn miklum breytingum á tiltölulega stuttum tíma. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og menntunarhlutverk hans óumdeilt. Í Aðalnámskrá leikskóla er skýrt kveðið á um hlutverk leikskólans og þau lögboðnu verk efni sem honum ber að sinna. Langflest börn hér á landi dvelja í leikskóla og viðvera þeirra er alltaf að lengjast. Í Aðalnámskrá er lagður grunnurinn að samféllu í námi þar sem fyrstu þrjú kaflarnir eru sameiginlegir í námskrám skólastiganna þriggja. Starfshættir, áherslur og markmið hvers skóla eru vel iðruðuð og grundvallast af lögum, reglugerðum og námskrám sem mynda leiðbeinandi ramma utan um starfið. Í leikskólum skal velferð og hugarbarna vera leiðarljós í öllu starfi og skal þeim búið hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Nám barna fer að mestu fram í gegnum leik og skapandi starf, þar sem lögð er rík áhersla á leikinn.

Íslenskir foreldrar eru önnur kafnir og vilja allt það besta fyrir börnin sín. Það sama á við um starfsfólk leikskóla sem sér um að börnin þroskist og dafni í öruggu umhverfi. Árangursrík skólanagerð hefst í leikskóla og þörf er á nýrri hugsun, nýju verðmætumati þar sem leikskólastigið er metið að verðleikum. Það er mikið áhyggjuefni hversu illa gengur að manna leikskólana. Leikskólakennarar eru metnaðarfullur hópur sem sinnir störfum sínum vel en því miður er þeim stöðugt að fækka og gripa þarf til aðgerða hið fyrsta til að laða ungt fólk í leikskólakennaranám. Leikskólinn sem vinnustaður er nefnilega bráðskemmtilegur og starf í leikskóla er fjölbreytt, skemmtilegt, krefjandi og ekki síst gefandi. Við hvetjum alla áhugasama til að kynna sér starfið á vefnum [www.framtidarstarfid.is](http://www.framtidarstarfid.is).

Starfsfólk leikskóla býður góðan dag alla daga með bros á vör.

## HEFUR ÞÚ UPPLIFAÐ ÁSTARSORG?

FRUMSÝNING 9. FEBRÚAR 2017 Í HÖRPU

## mannsröddin

ÓPERA / LEIKRIT EFTIR POULENC & COCTEAU

LEIKGERÐ OG LEIKSTJÓRN:  
BRYNHILDUR GUÐJÓNSDÓTTIR  
FLYTJENDUR AUÐUR GUNNARSDÓTTIR,  
ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR OG  
EVA ÞYRI HILMARSDÓTTIR

#isenskaoperan · Miðasala: [opera.is](http://opera.is)



ÍSLENSKA ÓPERAN



# Fangar

Í DAG



Guðmundur  
Andri Thorsson

Í gærkvöldi var síðasti þátturinn sýndur af Föngum á RÚV. Þegar þetta er skrifað veit maður ekki hvernig þetta allt saman endaði – vonandi vel.

Forðum var það einkum á Stöð tvö sem slíkar íslenskar framhalds-seriur gengu – með heiðarlegum undantekningum auðvitað – en þau hjá RÚV hafa nú rekið af sér slyðru-orðið. Það jafnast fátt á við að horfa á gott íslenskt leikið sjónvarpsefni á sunnudagskvöldi – nema náttúrlega góð bók.

## Of eða van

Gallar? Ætli það ekki? Persónan sem Unnur Ösp leikur kannski gerð að fullmiklum einfeldningi. Og við myndum alveg átta okkur á því hvílikur labbakútur lögmaðurinn er sem Gísli Örn leikur, þó að hann væri ekki japlandi á tyggjó í réttarsalnum. Systirin sem Halldóra Geirharðsdóttir leikur þyrfti kannski ekki að vera alveg svona hörð og köld – stundum hefur einmitt orðið á vegi manns fólk sem er mjög kaldlynt og brosmilt í senn og hefur sitt fram með köldu brosi og alúðlegu viðmóti.

Og svona: maður sér sums staðar að ýmsum þykir hin sterka samþætt-

ing valda og kynferðismisnotkunar jaðra við klisjugerð – þó að auðvelt sé að svara því til að svona sé þetta nú einu sinni í okkar samfélagi. Við erum tiltölulega nýfarin að horfast í augu við þessa meinsemd, sem nær svo djúpt og er enn svo umlukin skómm og þagnarhjúp.

Svo er eflaust hægt að finna eitt-hvað að plottinu og innri rökvísi þar – til þess þarf plottvísara fólk en mig.

Þetta er sem sé skrifað á sunnudegi og enn vitum við ekki hvernig greiðist úr málum; maður verður bara að vona að ódámurinn hljóti makleg málagjöld en stúlkunum verði hjálpað til að komast á farsælli brautir í lífinu. Því að hvað sem líður því sem kann að vera of eða van í þáttunum þá skiptir það ekki máli hjá hinu, að áhöfninni á bak við þessa þætti hefur tekist að búa til mannlíf handa okkur að fylgjast með og lifa okkur inn í – og spegla okkur í. Þeim hefur lánast að smíða atburðarás sem hreyfir við okkur þannig að okkur langar að vita hvernig endirinn verður (varð). Og það sem er auðvitað mest um vert: Þeim hefur auðnast að skapa sterkar og sérstæðar persónur sem allar eru staddir í sínum eigin örlögum, allar lúta sínum sérstöku lögmálum, allar eru sérstakir persónuleikar en ekki dúkkulísur.

## „Of stórt“

Maður man ekki eftir því að hafa séð jafngóðan leik í íslensku leiknu sjónvarpsefni. Einu sinni var mikið talað um að leikurum úr stóru leikhúsunum hætti til að leika „of stórt“ þegar þeir léku í sjónvarpi. Væru alltof mikið að baða út höndunum



og þruma ræður sínar eins og öllu varðaði að í þeim heyrðist á fjórtánda bekk. Sjálfur tók ég aldrei eftir þessu meinta vandamáli en þessi umræða varð hins vegar til þess að leikarar tóku að skrúfa niður í orku sinni og persónutöfrum þannig að þeir hættu næstum að sjást og maður hætti alveg að heyra orðaskil í íslensku leiknu efni; fólk muldraði í bringu sér og gætti þess vandlega að setja engan hljóð í röddina – því að yrði of „stórt“ – og þannig roluðust leikararnir um rotinpúrúlegir og svipbrigðalausir og óskiljanlegir í nokkur ár.

Það er nú aldeilis öðru nær með þær stórkostlegu leikkonur sem eru í Föngum, í hverri magnaðri senunni á fætur annarri. Karlarnir leika allir stórvel en þetta er samt

sería þar sem leikkonurnar glansa.

Persónan sem Unnur Ösp leikur kann að vera gerð að fullmiklum einfeldningi en það breytir ekki að því að við finnum sárt til með henni, hlægjum með henni – og að henni – og skynjum hana sem raunverulega og vitum á einhvern hátt að saga hennar er sönn, ólán hennar raunverulegt ... Hið sama gildir með persónu Halldóru Geirharðsdóttur: við trúum á hana, vitum að hún er leiksoppur líka, með sitt fálaska örugga en samantbitna fas. Og þannig má ganga á röðina: senan dásamlega þar sem persóna Margrétar Helgu lætur dælu ganga í fátánlegri frásögn sem ætlar engan endi að taka ... svipurinn á fangaverði Arndísar Hrannar, þetta sambland af því að hafa séð þetta allt og gera sér engar grillur en geta

ekki gert að því að þykja vænt um skjólstæðingana ... svipurinn á Steinunni Ólinu alltaf ... Kristbjörg Kjeld í öllum sínum senum – konan sem vill ekki vita það sem hún veit ... ógæfan og óbærileg sorgin sem greypt er í hvern andlitsdrátt Nínu Daggar ... byrði barnsins sem við finnum í hverri hreyfingu Kötlu Njálisdóttur ... sorgarhjúpurinn kringum Lindu, aðalpersónuna sem Þorbjörg Helga Dýrfjörð leikur svo vel.

Sem sagt gott. Og maður gerist heimtufrekur. Nú biður maður eftir seríu um Hrunið – sem við rithöfundar höfum enn ekki náð að skrifa verulega bitastæðar skáldsögur um – og seríum þar sem fjallað er um refskák stjórnmálanna að hætti Dana. Já og auðvitað peysufatadramanu upp úr Dalalífi ...



## #allravega? #blikkboli? #skarpur?



# Audi Q2

## #ótaggandi

Spáflúnkunýr Audi Q2 gjörbreytir hugmyndum þínum um bíla og ögrar skilgreiningaráráttunni. Útbúinn eins og þú hugsar hann, mætir hann á malbikið eða mölina, fullur sjálfstrausts en #ótaggandi.

Verð frá 4.990.000 kr.



HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is

**5** ára ábyrgð

# TÍMAMÓT



## Merkisatburðir

- 1788** - Massachusetts verður sjötta ríkið til að staðfesta stjórnarskrá Bandaríkjanna
- 1819** - Sir Thomas Raffles finnur Singapúr
- 1820** - 86 blökkumenn leggja af stað frá New York. Förunni er heitið til Líberíu þar sem þeir hyggjast stofna nýlendu.
- 1879** - Magnús Guðmundsson, þriðji forsætisráðherra Íslendinga, fæðist.
- 1911** - Ronald Reagan, fertugasti forseti Bandaríkjanna fæðist
- 1918** - Breskar konur sem hafa náð 30 ára aldri frá kosningarétt
- 1952** - Georg VI fellur frá, Elísabet II verður drottning
- 1996** - Boeing 757 vél hrapar við strendur Dóminíska lýðveldisins. 189 farast



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ágúst Frankel Jónasson**

Hagamel 41, Reykjavík,  
lést á Landspítalanum 30. janúar  
sl. Útförin fer fram í Fossvogskirkju,  
miðvikudaginn 8. febrúar kl. 15.

**Dagbjört K. Ágústsdóttir**  
**Jónas I. Ágústsson**  
**Unnur S. Ágústsdóttir**  
**Svala Ágústsdóttir**  
**Harpa Hrönn Frankelsdóttir**

**Jóhann Þorvaldsson**  
**Guðrún Gunnarsdóttir**  
**Brynjólfur Björnsson**  
**Gunnar S. Bollason**

barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar ástkæri

**Birgir Pétursson**

verkfræðingur  
Sundabakka 8, Stykkishólmi,

sem lést af slysförum  
28. janúar sl, verður jarðsönginn  
frá Stykkishólmskirkju laugardaginn  
11. febrúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent  
á Slysavarnafélagið Landsbjörg.

**Katrín Gísladóttir**  
**Kristinn Magnús Pétursson**  
**Sigríður Þorvaldsdóttir**  
**Sigríður Erla Sturludóttir**

**Pétur Kristinsson**  
**Dagbjört Yr Kiesel**



Ástkær eiginmaður minn,  
faðir, tengdafaðir og afi,

**Ragnar Guðmundsson**

Ásgarði 77, Reykjavík,

lést 26. janúar. Útförin fer fram frá  
Bústaðakirkju þriðjudaginn 7. febrúar  
kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast  
afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent  
á heimahlyningu Landspítalans.

**Elin Bergljót Björgvinsdóttir**

**Björgvin Ragnarsson**  
**Steinunn Björk Ragnarsdóttir**  
**Hrafnhildur Ragnarsdóttir**  
**Árni Sigurðsson**  
**Valur Heiðar Sævarsson**  
og barnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.



Frá þingflokksfundum VG í upphafi núverandi þings. Katrín Jakobsdóttir, er núverandi formaður flokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## VG orðinn unglungur

Vinstrihreyfingin – grænt framboð var stofnuð á þessum degi fyrir 18 árum. Steingrímur J. Sigfússon, segir að flokkurinn sé leiðandi afl á vinstri vængnum og beri aldurinn vel.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð var formlega stofnuð á þessum degi fyrir 18 árum, eða 6. febrúar árið 1999. Steingrímur J. Sigfússon, var einn af þeim sem kom að stofnun flokksins, og segir afmælisbarnið bera aldurinn vel og hann sjái ekki eftir einni sekúndu sem hefur farið í flokkinn. „Ég gæti ekki verið ánægðari þegar ég lít yfir þessi 18 ár og þó að mikið af kröftum mínum og tíma fari í flokkinn hef ég ekki séð eftir einni sekúndu,“ segir hann.

Steingrímur segir að flokkurinn hafi orðið til á umrótatímum þegar reynt var að sameina þrjá flokka; Alþýðubandalagið, Alþýðuflokkinn og Kvinnalistann. „Það var stemning fyrir því að efla samstarf þarna á milli en ekki hversu langt það ætti að ganga. Það voru nokkur stór mál sem þessa flokka greindi á um, eins og utanríkismálin og að einhverju leyti um velferðarmálin. En með stofnun VG sameinuðust nokkrir straumar,

Pað er ekki hægt að segja annað en að afmælisbarninu heilsist vel. Í fjölskyldu stjórn málaflanna er flokkurinn þróttmikill og efnilegur unglungur sem liður vel.

umhverfisverndunarsinnar og óflokksbundið félagshyggjufólk.“

Upphaflega blés ekki byrlega fyrir flokkinn en smám saman fékk hann byr í seglin og þegar búið var að telja atkvæðin í maí var flokkurinn með 9,1 prósent og sex kjörna þingmenn. Voru tölurnar sagðar stórsigur fyrir flokkinn. „Þetta var þrýðileg kosning og hreyf-

ingunni var vel tekið. Það var áhugi á að svona flokkur væri til. Framhaldið hefur síðan gengið glimrandi, í það heila tekið.“

Steingrímur segir að VG hafi haft afgerandi áhrif á mótun íslenskra stjórn mála frá því flokkurinn varð til. „Það er ekki hægt að segja annað en að afmælisbarninu heilsist vel. Í fjölskyldu stjórn málaflanna er flokkurinn þróttmikill og efnilegur unglungur sem liður vel. Við fengum fina kosningu síðast og gengur vel í könnunum.“

Flokkurinn ber aldurinn vel, hann er ótvírætt forystuafli til vinstri í íslenskum stjórn málum og ber þann kyndil með myndugleik. Það voru margir með efasemdir í upphafi um að við kæmumst á þing en nú er svo komið að við erum annar stærsti flokkur landsins og forystuafli til vinstri. Það er ekki hægt að segja annað en að þetta hafi farið fram úr björtustu vonum.“ [benediktboas@365.is](mailto:benediktboas@365.is)

ÞETTA GERÐIST 6. FEBRÚAR 1958

## Flugslysið sem breytti knattspyrnusögunni

Á þessum degi fyrir 59 árum fórst flug nr. 609 frá British European Airways á flugbrautinni við flugvöllinn í München. Af þeim 44 farþegum sem voru um borð fórust 23. Um borð voru liðsmenn knattspyrnuliðsins Manchester United ásamt þjálfurum, starfsmönnum, blaðamönnum og öðru fylgdarliði. Vélín var á leiðinni heim til Englands frá Belgrad í Júgóslavíu þar sem liðið hafði leikið við Rauðu stjórnuna í Evrópukeppninni. Leikurinn í Belgrad endaði 3-3 og með því tryggði United sig áfram í undanúrslitin. Mikið slabb var á flugbrautinni sem torveldaði flugvélinni að taka á loft og gerði það að það verkum að hún rann út af flugbrautinni á miklum hraða og lenti á girðingu. Liðsmenn United á þessum árum gengu undir nafninu The Busby Babes, í höfuðið á þjálfara sínum, Matt Busby, vegna þess hve ungir margir þeirra voru. Sjö þessara leikmanna létustu samstundis í flugslýsinu og sá efnilegasti af þeim öllum, Duncan Edwards, lést af sárum sínum nokkrum vikum síðar. Tveir leikmenn til viðbótar lifðu af en léku aldrei aftur vegna meiðsla sem þeir urðu fyrir í slysinu.

Matt Busby sjálfur var eitt ár að jafna sig af meiðslum sem hann hlaut. Hann tók svo aftur við liðinu og hóf að endurbýggja það frá grunni. Sléttum tíu árum eftir slysið náði hann takmarki sínu þegar Manchester United vann Evrópubikarinn með kempur á borð við George Best og Denis Law innanborðs. Tveir leikmenn sem lyftu bikarinn árið 1968 voru um borð í vélinni í München, þeir Bobby Charlton og Bill Foulkes.



Flug nr. 609 frá British European Airways á flugbrautinni.



Hin hollensk-íslenska Eybóra Elísabet Þórsdóttir átti glæsilegan dag í Laugardalshöllinni á laugardaginn og steig engin feilsþor þegar hún tryggði sér sannfærandi sigur í fimleikakeppni Reykjavíkurleikanna. Hér sést Eybóra gera æfingar á jafnvægislánni en þar fékk Eybóra sína langhæstu einkunn í keppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Gaman að sýna mínu fólki hvað ég get

Eybóra Elísabet Þórsdóttir stóðst allar væntingar á fimleikamóti RIG í Laugardalshöllinni og vann glæsilegan sigur í fyrstu keppni sinni á Íslandi. Það er nóg að gera hjá henni þessa dagana enda á fyrsta ári í sviðlistaháskóla þar sem hún syngur, dansar og leikur alla daga.

**FIMLEIKAR** Eybóra Elísabet Þórsdóttir keppir vissulega fyrir Holland en hún var samt komin heim í Laugardalshöllinni um helgina þegar hún tryggði sér sigur í fimleikakeppni Reykjavíkurleikanna fyrir framan ömmu og fjölskyldu sína í stúkunnni og fjölda ungra aðdáenda með „Afram Eybóra“ í fremstu röð.

„Það var mjög gaman að keppa á Íslandi og yndislegt að sjá að það eru svo margir sem höfðu áhuga á þessu og studdu við bakið á mér. Það voru sem dæmi fullt af litlum stelpum sem voru með plakati sem á stóð Eybóra. Það var mjög skemmtilegt að sjá það að allir standa með mér,“ sagði Eybóra Þórsdóttir kát með daginn.

Eybóra var að keppa í fyrsta sinn á Íslandi og það er ekki hægt að kvarta mikið yfir útkomunni. Hún vann glæsilegan sigur en hennar helstu keppninautar voru hin rússneska Daria Spiridonova og hin bandaríska Sydney Johnson-Scharpf.

## Auðvitað var þínu pressa

„Þetta í fyrsta sinn sem fjölskylda mín gat séð mig með eigin augum sem og allir á Íslandi. Auðvitað var þínu pressa en það er bara að breyta henni í eitthvað jákvætt og halda áfram. Það gekk vel og það var mjög gaman að geta sýnt fólkinu mínu hvað ég get gert.

Spiridonova og Johnson-Scharpf voru báðar fyrir ofan hana eftir stökkið og æfingar á tvislá en Eybóra átti tvær bestu greinar sýnar eftir og æfingar á jafnvægislánni og á gólfi skiluðu henni yfirburðasigri. Eybóra endaði með 56.350 stig eða 1.750 stigum meira en Daria Spiridonova sem var önnur.

## Var að prófa nýja hluti

„Ég var sátt með frammistöðuna. Við förum í þessa keppni með það í huga að prófa nýja hluti því það er búið að uppfæra leikreglurnar í fimleikum. Það þarf því að breyta æfingunum út frá því. Við gerðum ekki mikið af breytingum en við prófuðum nokkra nýja hluti. Þetta var því ekki alveg sama prógramm og á Ólympíuleikunum. Það var flott að ég náði 56 punktum í nýja frammistöðumatínu sem hefði kannski gefið mér næstum því 58 punkta í gamla matínu. Það er mjög fínt að sjá að þetta skili sér svona vel hjá mér inn í nýja matíð, segir Eybóra.

Það er mikið í gangi hjá henni utan fimleikanna því í haust hóf hún nám við Lucia Marthas Institute for Performing Art. „Ég byrjaði í nýjum skóla, sviðlistaháskóla, þar sem ég er að syngja, dansa og leika allskonar hluti. Það er erfitt að gera það samhliða fimleikunum þó að það sé mjög gaman. Ég hef mikinn áhuga á

●● Mér finnst mjög gaman að syngja og bestu fögin mín í skólanum eru tengd söngnum

Fimleikakonan Eybóra Þórsdóttir

þessu en ég er alltaf að hreyfa mig. Ég er að dansa, í ballett eða í steppdans í skólanum og svo fer ég á æfingu. Þjálfarinn minn er að hjálpa mér og reyna að koma þessu öllu saman inn í æfingarnar mínar þannig að ég geti farið í skólann og búið til framtíð við hliðina á fimleikunum,“ segir Eybóra. En er hún þá líka góð söngkona? „Ég er með rödd en það þarf alltaf að þjálfá hana. Mér finnst mjög gaman að syngja og bestu fögin mín í skólanum eru tengd söngnum,“ segir Eybóra og þá er mikið sagt enda leyna dans- og balletthæfileikar hennar sér ekkert þegar hún keppir í fimleikunum.

## Setur stefnuna á Tókýó 2020

Hún ætlar sér að samtvinna skólann og fimleikana áfram. „Ég hef sett stefnuna á Ólympíuleikana í Tókýó 2020. Það er langt þangað til en við sjáum bara til hvað gerist. Aðalmálið er að mér finnst gaman í fimleikum

## Unga stelpan með erfiða nafnið

Árangur Eybóru Þórsdóttur hefur að sjálfsögðu vakið athygli í Hollandi en Eybóra finnur ekkert mikið fyrir því að hún sé orðin einhver íþróttastjarna. „Ég get nú ekki sagt að ég sé aðalstjarnan. Fimleikarnir eru ekki það stórir í Hollandi,“ segir Eybóra og viðurkennir að einhverju leyti megi skrifa það á íslenska nafnið. „Maður er þekktur þannig en ég með svolítið erfitt nafn. Ég er oft „unga stelpan sem gekk svo vel í fimleikum með erfiða nafnið,“ segir Eybóra í léttum tón en hún setur það ekkert fyrir sig frekar en annað mótlæti. Metnaður og ástríða hennar fyrir íþróttinni lætur ekkert stoppa sig.

og ég held áfram eins lengi og ég get og vil. Ég hef mikla ástríðu fyrir bæði skólanum og fimleikunum. Þetta er hörku vinna og það er ekki alltaf auðvelt að gera þetta bæði í einu,“ segir Eybóra.

Hún fékk mjög flott verðlaun á dögnum þegar hún var kosin bjartasta vonin í hollenskum íþróttum. „Það gerði mér mjög gott. Ég vissi ekki að ég væri að fá þessi verðlaun.

Ég var í skólanum og í söngprófinu mínu. Ég var frekar stressuð yfir því en var nýbúin að klára síðustu nótuna mína og þá kom bara einhver inn í stofuna. Ég vissi ekki hver það var og fékk svolítið sjokk af því að ég vissi ekkert hvað hann ætlaði að gera. Þetta er frægur tónlistarmaður í Hollandi og mjög gaman að þeir ákváðu að afhenda verðlaunin svona, segir Eybóra. En munum við sjá hana oftar á fimleikagólfi á Íslandi.

„Ég væri alveg til í að keppa oftar á Íslandi og það er mjög gaman að vera hérna. Það er alltaf spurningin um hvernig þetta passar í dagskrána í kringum önnur mót. Núna passaði þetta vel í undirbúninginn minn fyrir Evrópumótið. Við sjáum bara til í framtíðinni ef Ísland býður mér aftur að koma,“ segir Eybóra. Hún fékk líka nokkra aukadaga á landinu.

## Bætti nokkrum dögum við

„Ég kom á fimmtudaginn og fer á þriðjudagsmorgun. Ég verð því ekki lengi á Íslandi en ég nota tímann vel. Ég ætla að hitta ömmu, fjölskylduna og vinafólkið mitt. Þjálfarinn minn fer strax en ég vildi bæta nokkrum dögum við því maður er ekki svo oft á Íslandi. Síðast kom ég til Íslands um jólin fyrir ári síðan og það er gott að fá tækifæri til að heimsækja allt fólkið sem manni þykir vænt um,“ sagði Eybóra. ooj@frettabladid.is



## Enska úrvalsdeildin

Úrslit 24. umferðar 2016-17

**Chelsea - Arsenal 3-1**

1-0 Marcos Alonso (13.), 2-0 Eden Hazard (53.), 3-0 Cesc Fàbregas (85.), 3-1 Olivier Giroud (90.+1).

**West Brom - Stoke 1-0**

1-0 James Morrison (6.)

**Hull - Liverpool 0-2**

1-0 N'Diaye (44.), 2-0 Oumar Niasse (84.)

**Everton - Bournemouth 6-3**

1-0 Romelu Lukaku (1.), 2-0 James McCarthy (24.), 3-0 Lukaku (2.), 3-1 Joshua King (59.), 3-2 King (70.), 4-2 Lukaku (83.), 5-2 Lukaku (84.), 5-3 Arter (90.), 6-3 Ross Barkley (90.).

**Watford - Burnley 2-1**

1-0 Troy Deeney (10.), 2-0 M'baye Niang (45.), 2-1 Ashley Barnes (78.).

**Cry. Palace - Sunderland 0-4**

0-1 Lamine Koné (9.), 0-2 N'Dong (43.), 0-3 Jermain Defoe (45.) 0-4 Defoe (45.).

**Southampt. - West Ham 1-3**

1-0 Gabbiadini (12.), 1-1 Andy Carroll (14.), 1-2 Pedro Obiang (44.), 1-3 Mark Noble (52.).

**Tottenham - Middlesbr. 1-0**

1-0 Harry Kane, víti (58.).

**Man. City - Swansea 2-1**

1-0 Gabriel Jesus (11.), 1-1 Gylfi Þór Sigurðsson (81.), 2-1 Gabriel Jesus (90.+2).

**Leicester - Man. United 0-3**

0-1 Henrik Mkhitaryan (42.), 0-2 Zlatan Ibrahimovic (44.), 0-3 Juan Mata (49.).

### Staðan

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	S
Chelsea	24	19	2	3	51-17	59
Tottenham	24	14	8	2	46-16	50
Man. City	24	15	4	5	49-29	49
Arsenal	24	14	5	5	52-28	47
Liverpool	24	13	7	4	52-30	46
Man. Utd	24	12	9	3	36-21	45
Everton	24	11	7	6	40-27	40
West Brom	24	10	6	8	32-29	36
West Ham	24	9	4	11	32-41	31
Watford	24	8	6	10	29-40	30
Stoke City	24	7	8	9	29-36	29
Burnley	24	9	2	13	26-35	29
Southampt.	24	7	6	11	24-31	27
Bournem.	24	7	5	12	35-47	26
Middlesbr.	24	4	9	11	19-27	21
Leicester	24	5	6	13	24-41	21
Swansea	24	6	3	15	29-54	21
Hull	24	5	5	14	22-47	20
Cry. Palace	24	5	4	15	32-45	19
Sunderland	24	5	4	15	24-42	19

### Okkar menn

#### Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi

Swansea City  
**Gylfi Þór Sigurðsson**  
Skoraði mark Swansea gegn Manchester City og jafnaði metin í 1-1. Markið var það áttunda hjá Gylfa fyrir Svanina í deildinni í vetur.



Burnley  
**Jóhann Berg Guðm.**  
Var allan tímann á varamannabekki í tapleik.



Cardiff City  
**Aron Einar Gunnarsson**  
Lék allan leikinn fyrir Cardiff sem tapaði 1-0 gegn Norwich á heimavelli.



Aston Villa  
**Birkir Bjarnason**  
Lék sinn annan leik fyrir Villa sem tapaði á útivelli gegn Nottingham Forest.



Wolverhampton Wanderers  
**Jón Daði Böðvarsson**  
Kom inn á 80. mínútu þegar Wolves beið lægri hlut gegn Burton Albion.



Fulham  
**Ragnar Sigurðsson**  
Var utan hóps þegar Fulham tapaði 1-0 gegn Birmingham á útivelli.



Bristol City  
**Hörður B. Magnússon**  
Var ekki í hópi Bristol City sem vann Rotherham 1-0.



Marcos Alonso horfir hér á eftir boltanum fara í mark Arsenal en Spánverjinn hafði áður ytt við Arsenal-manninum Hector Bellerin. Bellerin missti við það jafnvægið eins og sést á þessari mynd.

# Magnaður Marcos Alonso fékk t

Chelsea er áfram með níu stiga forystu á toppi ensku úrvalsdeildarinnar eftir 3-1 sigur á nágrönnum sínum í Arsenal. Akademíu Real Madrid er ein óvæntasta stjarna deildarinnar á tímabilinu en Marcos Alonso er eins og skapaður f

**FÓTBOLTI** Marcos Alonso skoraði sitt fjórða mark á tímabilinu í sigrinum gegn Arsenal á laugardaginn. Spánverjinn öflugur hóf atvinnumannaférlinn hjá Real Madrid en var lítið í sviðsljósinu þar til Antonio Conte keypti hann frá Fiorentina í sumar. Alonso hefur slegið í gegn hjá Chelsea og verið lykilmáður í sigurgöngu liðsins á tímabilinu.

#### Umdeilt mark

Mark Alonso kom Chelsea á bragðið í toppslagnum gegn Arsenal. Hann var fyrstur að átta sig eftir að Diego Costa skallaði í þverslána og skallaði frákastíð í netið fram hjá Petr Cech.

Margir vildu þó meina að markið hefði aldrei átt að standa þar sem Alonso fór með hendurnar á undan sér í skallaevingi gegn Hector Bellerin. Bellerin lá vankaður eftir og varð að fara af leikvelli. Á upptökum sást að Alonso fór með olnbogann í Bellerin og Arsene Wenger sagði eftir leik að um hefði verið að ræða 100% brot.

Markið stóð og lagði grunninn að 3-1 sigri Chelsea. Antonio Conte kom Alonso til varnar og sagði að það væri aldrei dæmt á álíka atvik í Englandi en viðurkenndi að mögulega hefði slíkt verið gert á Ítalíu.

#### Fékk ekki tækifærið hjá Real

Marcos Alonso kemur úr unglingsstarfi Real Madrid en hann var á mála hjá spænska stórveldinu frá níu ára aldri. Hann lék tvö tímabil með varaliði félagsins og kom einu sinni við sögu hjá aðalliðinu þegar

### Stóru málin

eftir helgina í enska boltanum

#### Stærstu úrslitin

Sigur Hull gegn Liverpool var bæði óvæntur og mikilvægur. Liðið hefur tekið framförum undir stjórn Marco Silva og náð í fjögur stig í síðustu tveimur leikjum gegn Manchester United og Liverpool. Líkurnar á að liðið haldi sæti sínu í deildinni hafa aukist þó fram undan sé hörð fallbarátta.



#### Hvað kom á óvart?

Fyrir leikinn gegn Crystal Palace hafði Sunderland aðeins skorað fjögur mörk á útivelli á tímabilinu. Strákarnir hans David Moyes tvöfölduðu þann fjölda á laugardaginn og unnu óvæntan 4-0 sigur. Liðin eru jöfn í tveimur neðstu sætum deildarinnar og í harðri fallbarátta.



#### Mestu vonbrigðin

Liverpool hefur ekki enn þá unnið deildarleik á þessu ári og knattspyrnustjórnin Jurgen Klopp sagði að frammistaðan í tapinu gegn Hull hefði verið óásættanleg. Endurkoma Sadio Mane í byrjunarliðið hafði lítið að segja og sóknarleikur liðsins, sem var frábær á fyrri hluta tímabilsins, er vart svipur hjá sjón.



### Leikmaður helgarinnar

Romelu Lukaku gerði sér lítið fyrir og skoraði fjögur mörk í 6-3 sigri Everton gegn Bournemouth á laugardaginn. Everton situr í 7.sæti deildarinnar og hefur ekki tapað deildarleik frá því fyrir jól. Það tók Lukaku ekki nema 30 sekúndur að opna markareikninginn á Goodison Park. Hann skoraði þá með skoti úr teignum eftir samspil við Ross Barkley og bætti svo við öðru marki sínu á 29. mínútu þegar hann kom Everton í 3-0. Belginn sterki fullkomnaði fernuna með tveimur mörkum á tveimur mínútum undir lokin en Bournemouth hafði þá náð að minnka muninn í eitt mark. Með mörkunum fjórum er Lukaku nú markahæstur í deildinni með 16 mörk eftir 23 umferðir og hefur skorað marki meira en þeir Alexis Sanchez hjá Arsenal og Diego Costa hjá toppliði Chelsea. Þetta var í fyrsta sinn á ferlinum sem hinn 23 ára Lukaku skorar fjögur mörk í einum og sama leiknum en hann hefur tvisvar sinnum áður skorað þrennu í ensku úrvalsdeildinni, meðal annars í sigri Everton gegn Sunderland fyrr á tímabilinu.



Manuel Pellegrini skipti honum inn á í uppbótartíma gegn Racing Santander árið 2010.

Nokkrum mánuðum seinna samdi Alonso við Bolton Wanderers sem þá lék í ensku úrvalsdeildinni og féll með liðinu í Championship-deildina í maí 2012. Hann lék áfram með Bolton árið eftir og var valinn leikmaður ársins af stuðningsmönnum tímabilið 2012-13.

Um sumarið samdi Alonso við Fiorentina en Spánverjinn knái var þó mættur á ný í enska boltann í janúar 2014, í þetta sinn á láni hjá Sunderland. Hann lék 16 leiki fyrir

Sunderland, þar á meðal í úrslitaleik deildarbikarsins í tapi gegn Manchester City.

Eftir lánstímann hjá Sunderland vann Alonso sér sæti í liði Fiorentina og lék yfir 70 leiki með ítalska félaginu á síðustu tveimur tímabilum.

#### Smellpassar í kerfi Conte

Það kom nokkuð á óvart þegar Chelsea tilkynnti um kaupin á Marcos Alonso. Hann var keyptur á lokadegi félagskiptagluggans á rúmar 20 milljónir punda og bjuggust flestir við að hlutverk hans yrði

## OPTIBAC GÓÐGERLAR MEÐ FÓKUS

### Heilsa ehf. kynnir

OptiBac góðgerlarnir stuðla að góðri þarmaflóru og geta á náttúrulegan hátt leyst ýmis heilsufarsvandamál. Sérfræðingur frá OptiBac er staddur hér á landi og býður upp á ráðgjöf og kynningu í dag og á miðvikudag.

Starfsmenn OptiBac búa yfir mikilli sérfræðipækkingu á sviði góðgerla og er einn þeirra á landinu sem stendur. Hann heitir Miguel Rodrigues og er næringarfræðingur að mennt. „Við erum afar ánægð með að hafa fengið hann í heimsókn,“ segir Signý Skúladóttir, markaðsstjóri Heilsu ehf., en Miguel verður með ráðgjöf í Lyfju á Smáratorgi í dag frá kl. 13 til 17 og í Heilsuhúsinu í Kringlunni á miðvikudag frá kl. 13 til 17. Bóðið verður upp á 20 prósent afslátt af OptiBac vörum á meðan á kynningunni stendur.

Signý segir lausnir frá OptiBac Probiotics geta leyst á náttúrulegan hátt ýmiss konar heilsufarsvandamál með því að stuðla að góðri þarmaflóru. „Þá er líka mikilvægt að huga að því hvaða góðgerlar henta hverjum og einum en þeir hjá OptiBac vita að ólíkar gerlategundir hafa mismunandi virkni, sem er einmitt ástæða þess að ólíkar vörutegundir hafa verið þróaðar fyrir ólík vandamál. Ákveðnar tegundir baktería hafa verið sérvaldar og má til dæmis nefna tegundir sem virka einstaklega vel fyrir þá sem eru að taka inn sýklalyf og aðrar sem virka fyrir þá sem eru með hægðatregðu, blöðrubólgu, heymæði og svo mætti lengi telja,“ segir Signý.



Næringarfræðingurinn Miguel Rodrigues er einn af sérfræðingum OptiBac. Hann er staddur hér á landi og veitir áhugasömum ráðgjöf.

Það er mikilvægt að huga að því hvaða góðgerlar henta hverjum og einum en þeir hjá OptiBac vita að ólíkar gerlategundir hafa mismunandi virkni.

Signý Skúladóttir

Hún segir OptiBac byggja á vel rannsökuðum sérvöldum vinveittum bakteríum sem þola magsýrur og sölt til að komast lifandi í smáþarmana en þar hafa þær einstaka virkni og hæfni til að setjast að á réttum stað. Að sögn Signýjar eru OptiBac góðgerlarnir á meðal mest rannsökuðu góðgerla sem finnast og fjölmargar klínískar rannsóknir liggja þar að baki. Hún segir leiðarljós fyrirtækisins ávallt gæði umfram magn og hvetur áhugasama til að líta við í Lyfju á Smáratorgi og leita ráða hjá Miguel. „Þetta er frábært tækifæri sem fólk ætti ekki að láta fram hjá sér fara.“

Miguel verður með ráðgjöf í dag, mánudag, í Lyfju á Smáratorgi frá kl. 13.00 til kl. 17.00.

Á miðvikudag verður hann með kynningu í Heilsuhúsinu í Kringlunni frá kl. 13.00 til kl. 17.00.



OptiBac framleiðir ólíkar tegundir góðgerla sem henta allri fjölskyldunni.

### Plokkfiskur

hollur kostur á 5 mín.

### STEYPU STÖÐIN

FÖSTUDAGA KL. 21:15

### Enska í Englandi fyrir 13-16 ára

- 2 kennsluvikur í Kent School of English verð ca 230 þús. allt innif.
- Íslenskir hópstjórar með í för allan tímann
- Skráning í síma 891 7576 og erlaara@enskaforiralla.is

Nánari upplýsingar á [www.enskaforiralla.is](http://www.enskaforiralla.is)



Dagný stofnaði Facebook-síðuna Súrkal og annað mjólkursýrt grænmeti. Þar spjallar fólk um súrkál.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson  
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elin Albertsdóttir, [elin@365.is](mailto:elin@365.is), s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, [liljabjork@365.is](mailto:liljabjork@365.is), s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, [heida@365.is](mailto:heida@365.is), s. 512 5367  
 Sólveig Gísladóttir, [solveig@365.is](mailto:solveig@365.is), s. 512 5357 | Starri Freyr Jónsson, [starri@365.is](mailto:starri@365.is), s. 512 5358  
 Vera Einarsdóttir, [vera@365.is](mailto:vera@365.is), s. 512 5357 **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, [atli@365.is](mailto:atli@365.is), s. 512 5457 | Jóhann Waage, [johannwaage@365.is](mailto:johannwaage@365.is), s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, [jonivar@365.is](mailto:jonivar@365.is), s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, [olafurh@365.is](mailto:olafurh@365.is), s. 512 5433



Dagný Hermannsdóttir er forfallinn súrkálsfíkill og kennir námskeið í súrkálsgerð hjá Garðyrkjufélagi Íslands. MYND/GVA

## SÚRKÁL Í ÖLL MÁL

Dagný Hermannsdóttir er forfallinn súrkálsfíkill og þurfti aukaísskáp í eldhúsið til að rúma allar krukkurnar. Hún segir súrkál alls ekki bara súrkál og er farin að kenna súrkálsgerð hjá Garðyrkjufélagi Íslands.

### Ragnheiður Tryggvadóttir

[heida@365.is](mailto:heida@365.is)

„Ég hef uppgötvað nýjar víddir í matargerð og í bragði því þetta er svo allt öðruvísi en annar matur og dálítið vanabindandi. Ég byrjaði af því að þetta átti að vera hollt en ég átti engan veginn von á því að verða svona sólgín í þetta,“ segir Dagný Hermannsdóttir, matgæðingur og forfallinn súrkálsfíkill.

Eldhúsið hennar er undirlagt af glerkrukkum með alls kyns görugu innihaldi og fjölskyldan borðar súrkál í öll mál. „Ég fékk mér á endanum sérísskáp undir allar krukkurnar, dæturnar voru orðnar svo þreyttar á því að það kæmist lítið annað en súrkál í ísskápinn. Maðurinn minn er í þessu með mér og við búum til súrkál saman. Hann er einnig farinn að baka súrdeigsbrauð svo það kraumar líka súr hér í eldhúsinu. Við erum í alls konar vitleysu og erum til dæmis að fikta við að búa til osta,“ segir Dagný og fullyrðir að sýrt grænmeti sé hreinasta sælkerafæði.

„Ég hélt að súrkál væri bara súrkál en það er hægt að gera svo margt spennandi, þetta er algjört gourmet. Það má sýra allt grænmeti, í heilu lagi, sneitt eða rífið, en fornið hefur áhrif á hvernig lokaafurðin verður. Þetta gengur út á að ná að búa til réttu aðstæðurnar svo mjólkursýrubakteríurnar, sem eru náttúrulega til staðar á grænmetinu, nái yfirhöndinni en aðrar lífverur fari ekki að fjölga sér. Við viljum til dæmis ekki að það komi mygla eða ger í þetta. Hversu sýrt grænmetið verður fer eftir saltþrósentu og hversu lengi það er látið gerjast. Eftir að ég varð „húkk“ á þessu finnst mér gott að hafa grænmetið mikið sýrt. Nú er oft talað um tengsl milli heilbrigðrar þarmafloðu og almennrar heilsu og ég hef tröllatrú á að þetta sé gott fyrir okkur. Þessi aðferð varðveitir vel vítamínin í grænmetinu og í gerjunarferlinu verður einnig til B12 sem ekki er til staðar í fersku grænmeti.“

### CURTIDO (PASSAR Í 2,5 L KRUKKU)

1,5 kg fínt skorið hvítkál  
 120 g saxaður laukur  
 140 g sneiddar gulrætur  
 2 kramin hvítlausrif  
 1 msk. oregano  
 1/2 msk. chilliflögur  
 1/2 tsk cumminfræ  
 ca. 25 g hreint salt

### Aðferð:

Takið frá 1 til 2 kálblöð. Skerið kálið í fernit og fjarlægjið stilkinn. Grænmetið skorið, sett í stórt ílát og saltinu og kryddinu blandað vel saman við.

Látið standa í 10 til 30 mínútur.

Nuddið og hnoðið grænmetið þar til fer að flæða úr því safi.

Blandan sett í glerkrukkur. Þrýstið vel niður svo ekkert loft verði eftir og safinn fljóti yfir grænmetið. Gætið þess að fylla ekki krukuna, gott er að hafa um 10 sm borð á henni.

Kálblað er nú lagt yfir grænmetið og jöðrunum troðið niður með.

Ofan á þetta þarf að koma einhvers konar farg. Hægt er að nota aðra grennri glerkrukkuna eða flösku með vatni eða stinga Ziplock-poka ofan í krukkuna og hella svo vatni í hann. Aðalmálið er að súrefni má ekki komast að grænmetinu en gasið sem myndast við gerjunina þarf að komast burt. Ziplock-pokar eða aðrir sterkir plastpokar virka vel í þetta.

Látið krukkuna standa við stofuhita í 1 til 4 vikur. Fínt að byrja að smakka eftir viku. Lyfta kálblaðinu, kraka smá súrkrás upp með gaffli og þjappa vel aftur.

Ef gerjunin er mikil getur freytt upp úr krukkunni, því borgar sig að hafa disk undir henni. Ef of lítill vökvi er í krukkunni má bæta 2% saltlausn í svo fljóti yfir grænmetið.

Þegar grænmetið er tilbúið er það sett á krukkur, þjappað vel og lokað. Geymist mánuðum saman í kæli.

sjá hve margir eru spenntir fyrir þessu. Næsta námskeið er í kvöld á Hvanneyri og fleiri námskeið eru fram undan,“ segir Dagný.

Þá stofnaði hún Facebook-síðuna Súrkal og annað mjólkursýrt grænmeti, þar sem fólk spjallar saman um súrkál. „Kosturinn við að gera sitt eigið súrkál er að þá er alltaf tilbúið í ísskápnum spennandi meðlæti sem geymist mánuðum saman, sprengihollt og ótrúlega gott, með hvaða mat sem er. Ég fæ mér oft kimchi og spælegg í hádeginu, kex með kæfu og súrkáli, eða hnetusmjöri og súrkáli.“

Næsta námskeið á höfuðborgarsvæðinu verður þann 14. janúar í Garðyrkjufélagi Íslands, Síðumúla 1. Skráning er í gegnum netfangið: [gardyrkjufelag@gardurinn.is](mailto:gardyrkjufelag@gardurinn.is).



## VILTU HALDA VEISLU?

FERMINGAR  
 BRÚÐKAUP  
 ÁRSHÁTÍÐIR  
 ERFIDRYKKJUR  
 FUNDIR  
 RÁÐSTEFNUR  
 AFMÆLI

EFRI SALURINN ER LAUS FYRIR ÞIG ...

**SOLON**  
 BISTRO • BAR

BANKASTRÆTI 7A - 101 REYKJAVÍK - S. 562 3232

## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 • [landmark.is](http://landmark.is)

Landmark leiðir þig heim!

Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur.



Sigurður Samúelsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 896 2312



Sveinn Eyland  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 690 0820



Kristján Ólafsson  
Hfl. Löggiltur fasteignasali



Þórarinn Thorarensen  
Sölustjóri  
Sími 770 0309



Eggert Mariuson  
Aðstoðarmaður fasteignasala  
Sími 690 1472



Guðrún Dilljá Lúðvíksdóttir  
Skjalagerð



Benedikt Ólafsson  
Aðstoðarmaður fasteignasala  
Sími 661 7788



Nadia Katrín  
Sölufulltrúi  
Sími 692 5002



Helga Snorradóttir  
Skjalavinnsla



Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir  
Lögræðingur / löggiltur fasteignasali  
Sími 895 7784



Ingibjörg Agnes Jónsdóttir  
Sölufulltrúi  
Sími 897 6717

## Við gerum betur



### Ertu í fasteignahugleiðingum?

Nú er rétti tíminn til að hugsa sér til hreyfings.

Áralöng, dýrmæt og góð reynsla í fasteignaviðskiptum. Stöndum við bakið á þér alla leið.

Athugið nýtt símanúmer, 510 3000

Elín Viðarsdóttir Löggiltur fasteignasali +354 695 8905  
[elin@islenskafasteignasalan.is](mailto:elin@islenskafasteignasalan.is)

Guðrún H. Ólafsdóttir Hfl/Löggiltur fasteignasali +354 845 7445  
[guðrun@islenskafasteignasalan.is](mailto:guðrun@islenskafasteignasalan.is)



Íslenska fasteignasalan

Hlíðarsmári 12 • 201 Kópavogur  
+354 510 3000  
[sala@islenskafasteignasalan.is](mailto:sala@islenskafasteignasalan.is)



Afar glæsileg eign á Álftanesi með frábæru útsýni er til sölu hjá Torgi fasteignasölu.

## Stórglæsilegt einbýli á Álftanesi

Fasteignasalan TORG kynnir: Stórglæsilegt 294,8 fm einbýli á eignarlöð á einstökum útsýnisstað á Álftanesinu. Eignin er að mestu á einni hæð með tvöföldum bílskúr, vandaður frágangur á löð og verönd með heitum potti.

Húsið er með 5 herbergjum, þremur stofum og þremur baðherbergjum. Þegar komið er inn í húsið er rúmgóð forstofa með náttúruflisum á gólfi. Inn af forstofunni er rúmgott þvottahús með góðri innréttingu úr hvíttaðri eik.

Úr þvottahúsi er innangengt í tvöfalðan 46,5 fm bílskúr.

Rúmgott hol með mikilli lofthæð þar sem mætist vel hannað opið rými sjónvarpshols, stofu, borðstofu og eldhúss. Flísalögð gestasnyrting. Björt og rúmgóð stofa, hátt til lofts og einstakt óhindrað útsýni. Rafknúnar strimlagardínur. Gengið er út á verönd úr stofu. Frá borðstofu er útgengi út á verönd við eldhús sem er opið að hluta. Sérsmíðuð innrétting með granít á borði. Stór eyja með eldunaraðstöðu. Við eyju er stórt morgunverðarborð fyrir 5 manns. Innaft eldhúsi er búr með innréttingu og vinkæli.

Fallegur sérsmíðaður timburstigi

liggur upp á efri hæð með opinni stofu, rennihurð út á svalir með einstöku útsýni til austurs. Skemmtilegt flæði niður í opið rými Inn af stofu er gott svefnherbergi með fataskáp. Tvö rúmgóð svefnherbergi með tvöföldum fataskáp ásamt vinnuherbergi. Flísalagt baðherbergi með ljósum flisum. Rúmgott hjónaherbergi með góðu fataherbergi inn af með rennihurðum sitt hvorum megin við rúm og baðherbergi. Útgengi er út á timburverönd við heitan pott.

Allar upplýsingar um eignina gefur Dórothea E. Jóhannsdóttir, gsm 898-3326, [dorothea@fstorg.is](mailto:dorothea@fstorg.is).



Háholt 14, Mosfellsbær  
Sími: 588 5530 • [berg@berg.is](mailto:berg@berg.is) [www.berg.is](http://www.berg.is)  
GSM 897 0047

Pétur Pétursson  
lögg. fasteignasali  
[Petur@berg.is](mailto:Petur@berg.is)



heimili fasteignasala  
- á traustum grunni



Bogi Pétursson  
Lögg. fasteignasali



Finnbofi Hilmarsson  
Lögg. fasteignasali



Guðbjörg G. Blöndal  
Lögg. fasteignasali



Jón Bergsson  
hfl. og lögg. fasteignasali



Brynjólfur Snorrason



Gunnlaugur A. Björnsson



Ásdís Iréna Sigurðardóttir

Finndu okkur á Facebook




Grænátún 16 - Stórt einbýli - Opið hús  
Opið hús á morgun kl 17:30-18:00.

Rúmgott einbýli á stórrí löð með stórum bílskúr. Sólþallar á baklöð og heitur pottur. Húsið er skráð alls 239,8 fm. Íbúðarrými 203,8 fm og bílskúr 36,0 fm. Húsið hefur verið mikilvæg endurbætt að innan og málað að utan. 5-6 möguleg svefnherbergi og góðar stofur. V. 59,5 m. Upplýsingar veitir Bogi 6993444




Básbryggja 5 - 3ja herb - Opið hús  
Opið hús í dag kl 17:30-18:00

Stór 3ja-4ra herb. íbúð á jarðhæð með verönd til suðurs og í bakgarðinum. Eignin er skráð alls 102,3 fm. Íbúðin er öll parketlögð fyrir utan baðherbergi og þvottahús sem eru flísalögð. Vandaðar innréttingar og gólfefni. V. 38,9 m. Upplýsingar veitir Bogi 6993444



Hraungata 1 - 3ja herb - Opið hús  
Opið hús í dag kl. 17:15 - 17:45.

Glæsileg og björt 140 fm þriggja herbergja íbúð á jarðhæð með stæði í opnu bílskúli. Vandaðar innréttingar og tæki, tvö góð svefnherbergi, hitalagnir í gólf og útgengt frá stofu út á verönd til suðurs. Eignin er laus til afhendingar! V. 52,9M. Nánari upplýsingar veita Brynjólfur (s: 896-2953) og/eða Bogi í (699-3444).




Skúlagata 40a - fyrir 60+ - Opið hús  
Opið hús í dag kl 17:15 - 17:45

Falleg 3ja herbergja íbúð fyrir 60+. Heildarstærð er um 102 fm og er inni í því sérstæði í bilageymslu. Tvö rúmgóð herbergi og stofa með parketi. Þvottahús er innan íbúðar. Rúmgóðar svalir. Húsvörður í húsinu. Mikil sameign fylgir, m.a. hlutdeild í veislusal, heilsurækt og húsvörðaríbúð. Nánari upplýsingar veitir Gunnlaugur 6175161.



Tjarnargata - 2ja herb

Um 70 fm 2ja herbergja íbúð á frábærum stað í miðborginni. Íbúðin er með stórrí og bjartri stofu, eldhúsi sem er opið við stofuna. Rúmgott herbergi með baði innaft. Parkt á gólfum. Almennt gott ástand er á eigninni. Íbúðin getur verið laus við kaupsamning. V. 39,9 m. Frekari upplýsingar veitir Finnbofi, 895-1098.




Hörðukór 5 - Pakíbúð

Einstök útsýnisíbúð við Hörðukór, alls 197 fm með tvennum suður svölum og stæði í bilageymslu. Íbúðin er sérlega vönduð og er á tveim hæðum. Á neðri tvö herbergi, eldhús, baðherbergi og stofur. Á efri hæð stórglæsileg stofa með mikilli lofthæð, hjónaherbergi með fataherbergi innaft og baðherbergi. Frábært útsýni í suður, austur og vestur. V. 77 m. Frekari upplýsingar veitir Finnbofi, 895-1098.



Mariubaugur - Raðhús

190 fm Tengihús/Raðhús á einni hæð með innbúð, þriggðum bílskúr. Íbúðarrými 156 fm og bílskúr 26,9 fm ásamt 54 fm afgirtu verönd. Úr hjónaherbergi og stofum er gengið út á stóra verönd með steiptum veggjum. Upptekin loft og innbyggð lýsing. Hellulagt bílþvottahús með hitalögn. Laus til afhendingar. V. 68,0 m.



Vilt þú vita hvað eignin þín kostar?

Á heimasíðu okkar getur þú óskað eftir verðmati hratt og örugglega. Við skoðum ástand fasteignar og gefum þér verðhugmyndir að kostnaðarlausu.



**FASTEIGNA  
MARKAÐURINN** ehf.



**Jón Guðmundsson**  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Heimir Fannar Hallgrímsson**  
hdl. og lögg. fasteignasali  
heimir@fastmark.is



**Elín D. Wyszomirski**  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



**Magnús Axelsson**  
Lögg. fasteignasali  
magnus@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**  
Aðstoðarmaður  
fasteignasala  
gisli@fastmark.is



**Hallveig Guðadóttir**  
Skrifstofustjóri  
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.  
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

**Höfum fjölda kaupenda að 2ja og 3ja herbergja íbúðum á höfuðborgarsvæðinu.**

**Skoðum og verðmetum samdægurs.**

**Hafðu samband.**

### Hæðarbyggð – Garðabæ



294,0 fm. einbýlishús með aukaíbúð á jarðhæð og innb. tvöföldum bílskúr við Hæðarbyggð. Húsið er upphaflega teiknað sem einbýlishús en nýlega var útbúið 2ja-3ja herbergja aukaíbúð á hluta jarðhæðar hússins. Mjög auðvelt er að breyta húsinu aftur í einbýlishús með því að fjarlægja tvo létta veggj á neðri hæð. Baðherbergi á báðum hæðum hafa verið endurnýjuð og eldhús á efri hæð er nýlegt. Lóðin er stór og gróin með háum trjám, tyrfdum flötum, afgirtri verönd til suðurs og vesturs með heitum potti og malbikaðri stórri innkeyrslu með hitalögnum undir að hluta. **Staðsetning eignarinnar er afar góð þaðan sem stutt er í Hofstaðaskóla og Fjölbrotaskólann.**

**Verð 89,9 millj.**

### Vogatunga – Mosfellsbæ. Nýtt parhús.



Nýtt 160,1 fm. staðsteypt parhús á einni hæð að meðöldum innbyggðum bílskúr við Vogatungu 95 í Mosfellsbæ. Húsið, sem er í byggingaferli afhendist eftir samkomulagi og skilast fokhelt að innan en óeinangrað og fullbúið að utan með grófjafnaðri lóð.

Byggingaraðili er tilbúinn til að skila húsinu tilbúnu undir innréttingar að innan, fullbúnu að utan og með frágenginni lóð. Loft verða þó óklædd og gólf oflotuð.

Allar byggingarteikningar afhendast samþykktar frá skipulagsnefnd Mosfellsbæjar til kaupanda.

### Fagrihvammur - Hafnarfirði.



Glæsilegt 227,2 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðöldum innbyggðum 41,0 fm. bílskúr á falllegum útsýnisstað í Hafnarfirði. Húsið var allt endurnýjað á smekklegan hátt fyrir 10 árum og sá Rut Káradóttir innanhúsarkitekt um innanhúshönnun. Möguleiki er að gera séríbúð á neðri hæð hússins. Teikningar fyrir 55 fm. stækkun á stofu til suðurs fylgja með eigninni. **Staðsetningin er afar góð rétt ofan við Suðurbæjarlaug í Hafnarfirði. Útsýni frá eigninni er glæsilegt út á sundin, að Reykjaneskaganum, Snæfellsnesi og Akrafjalli til norðurs og fjallgarðanna á Reykjanesi og allt að Bláfjöllum til suðurs.**

**Verð 79,9 millj.**

### Sævangur – Hafnarfirði.



Vel staðsett 269,8 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðöldum 47,4 fm. bílskúr.

Tvennar svalir sem snúa annars vegar í suður og hins vegar til suðausturs. Garðurinn er ræktaður og mætir óspilltu mosavöxnu og grónu hrauninu til norðurs. Stórar stofur með arni. Þrjú rúmgóð herbergi. Sjónvarpsými. Tvö baðherbergi. Íbúð á neðri hæð með sér inngangi.

Húsið er mikið endurnýjað.

**Verð 77,9 millj.**

### Urðarhvarf 14 - Kópavogi. Til leigu verslunar- og skrifstofuhúsnæði.



Vel staðsett skrifstofu- og verslunarhúsnæði við Urðarhvarf 14 í Kópavogi. Húsið stendur á miklum útsýnisstað þar sem horft er m.a. út á sundin, að Esjunni og yfir efri hluta Elliðaárdals. Aðkoma að húsinu er góð og næg bílastæði á lóð og í bíla-kjallara hússins. Tvær efstu hæðirnar (5. og 6. hæð) eru komnar í útleigu. Tvær lyftur eru í húsinu.

**Lausar hæðir til útleigu eru eftirfarandi:**  
1. hæð, verslunar- og þjónusturými: 858,9 fermetrar.  
2. hæð, skrifstofurými: 900,5 fermetrar.  
3. hæð, skrifstofurými: 900,4 fermetrar.  
4. hæð, skrifstofurými: 900,4 fermetrar.  
Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.

### Skemmuvegur -Kópavogi.



320 fm. atvinnuhúsnæði við Skemmuveg 16 sem skiptist í 3 iðnaðarbil, sem hvert um sig er með sér innkeyrsludyrum og gönguhurð. 3ja fasa rafmagn er í öllum bilum.

Úr öllum bilum er neyðarútgangur með eldvarna-hurðum.

Malbikað plan og athafnasvæði fyrir framan innkeyrslu/ athafnasvæði í öll bilin án hitalagna.

**Verð 72,9 millj.**

### Fiskislóð 45. Glæsilegt skrifstofuhúsnæði / vinnustofa



Glæsilegt 86,2 fm. skrifstofuhúsnæði / vinnustofa / loft á 2. hæð auk um 20,5 fm. millilofts, sem ekki er getið hjá Fasteignaskrá Íslands, samtals er eignarhlutinn því um 107,3 fm. að stærð. Öll gólf eru flotuð og lökkuð og gólfhitagagnir eru á aðal-hæð. Mjög mikil lofthæð er í eignarhlutanum eða um 5,0 metrar og eru öll loft hvítmáluð.

Eignarhluti merktur 0216.

Staðsetning er virkilega góð á einum eftir-sóttasta stað borgarinnar þar sem mikil uppbygging hefur átt sér stað undanfarin ár.

**Verð 34,9 millj.**

## LANGALÍNA 20 - 28, SJÁLANDI GARÐABÆ

NÝJAR 2JA, 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR.

MIKIÐ OG ÓHINDRAÐ SJÁVARÚTSÝNI.

Sérlega glæsilegt 3ja hæða áíklætt fjölbýlishús í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru frá 93 upp í 188 fermetra og verða afhendar með vonduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vonduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með svölum eða stórum timburveröndum og svölum. Staði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.

Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gyfja og Gunnars.



# JÖRÐ - ÞINGVALLASVEIT

Til sölu 4.000 hektara jörð í Borgarbyggð, aðeins í um 60 kílómetra fjarlægð frá Höfuðborgarsvæðinu. Jörðin er skráð sem lögbýli og liggur frá botni Lundareykjardals og að landi Þingvallakirkju. Vegurinn um Uxahryggi er innan landamerkja jarðarinnar. Jörðin er að stórum hluta í 150 - 300 metra hæð yfir sjávarmáli og á henni eru mörg vötn, þau stærstu Reyðarvatn og Uxavatn en upptök Grímsár eru í Reyðarvatni. Í Reyðarvatn austanvert kemur Reyðarlækur úr Stóra-Brunnvatni og frá norðaustri falla í það tvær ár, Leirá og Fossá. Heitt vatn úr borholum er leitt að landinu og notað til upphitunar á bæjunum Þverfell I og II. Hér er um að ræða mjög landstóra og merkilega jörð nærri höfuðborginni, sem nýta mætti með margvíslegum hætti.

Allar nánari upplýsingar veitir Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali í netfanginu [gtj@fastmark.is](mailto:gtj@fastmark.is)



OPÍÐ HÚS  
ÞRIÐJUDAG

## BLIKANES 6



**Blikanes 6 - Garðabæ. Einbýlishús á sunnanverðu Arnarnesi.**  
Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 - 17.45

Þjart og vel skipulagt 235,0 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum tvöföldum 39,6 fm. bílskúr á sunnanverðu Arnarnesi. Stórar samliggjandi stofur, rúmgott eldhús með miklum upprunalegum innréttingum. Þrjú svefnherbergi. Nýlega endurnýjað baðherbergi. Lóðin er í góðri rækt. Innkeyrsla er steypt og stétt fyrir framan húsið er hellulögd. Rafmagnshiti er í útitröppum. Við verönd er lítið gróðurhús með rafmagni. Húsið að utan er í góðu ástandi, klætt með endingargóðri klæðningu. Húsið stendur á 1.216,0 fermetra eignarlóð á sunnanverðu Arnarnesinu þar sem mikils skjóls nýtur fyrir norðanátt.

Verð 84,9 millj.

OPÍÐ HÚS  
Í DAG

## GRETTISGATA 46



**Grettisgata 46. Glæsileg 3ja herbergja íbúð.**  
Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 - 17.45

Afar falleg 86,8 fm. íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýlishúsi í miðbænum. Búíð er að endurnýja eldhús, baðherbergi og gólfefni á smekklegan hátt. Góð lofthæð er í allri íbúðinni. Möguleiki væri að færa eldhús inn í aðra stofuna og útbúa annað svefnherbergi í stað eldhúss. Tengir fyrir þvottavél og þurrkara inn af íbúð. Búíð er að endurnýja þak, þakeinangrun, rennur og glugga í sameign fyrir u.þ.b. 10 árum. Sameign er nýlega máluð. Staðsetning eignarinnar er virkilega góð á horni Grettisgötu og Vitastígs. Stutt er í alla verslun og þjónustu, t.d. Bónus, Austurbæjarskóla, Sundhöllina, veitingastaði og kaffihús.

Verð 44,9 millj.

## Túngata 34. Efri hæð í tvíbýlishúsi.



OPÍÐ HÚS  
ÞRIÐJUDAG

Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 - 17.45

105,2 fm. efri hæð í tvíbýlishúsi við Túngötu að meðtaldri 7,1 fm. sér geymslu í kjallara.

Hæðin skiptist í hol, rúmgóða stofu, eldhús, 3 herbergi og baðherbergi. Íbúðinni fylgir 19,5 fm. sér íbúðarherbergi í kjallara með aðgengi að salerni, eldhúsi og sturtu, sem eru sameiginleg með neðri hæð hússins. Geymslur er yfir íbúðinni og er það einangrað.

Verið er að skipta um allt gler og glugga í kjallara og verður þeim framkvæmdum lokið fyrir afhendingu eignarinnar.

Lóðin er öll afgirt með steyptum veggjum.

Verð 55,0 millj.,

## 3JA HERBERGJA



**SKÚLAGATA 40A - LAUS TIL AFHENDINGAR STRAX.**  
Vel skipulögð 87,3 fm. íbúð á 3. hæð í góðu lyftuhúsi ásamt sér staði í lokaðri bíla-geymslu við Skúlagötu.

Íbúðin er í húsi fyrir 60 ára og eldri sem eru í félagi eldri borgara. Íbúðin skiptist í anddyri, stofu, þvottaherbergi, sjónvarpshol, eldhús, tvö herbergi og baðherbergi.

Snyrtileg sameign.

40,9 millj.

## Leirubakki 22. 4ra herbergja íbúð.



OPÍÐ HÚS  
MIÐVIKUDAG

Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 - 17.45

Falleg 114,8 fm. íbúð á 3. hæð að meðtöldum tveimur geymslum. Stórar svalir til suðvesturs með glæsilegu útsýni.

Rúmgóð stofa, sjónvarpshol og þrjú góð herbergi. Nýleg gólfefni og nýlegt gler í flestum gluggum ásamt nýlegum lausafögum að stórum hluta.

Hús að utan er í góðu ástandi nýlega sprunguviðgert og málað.

Frábær staðsetning þar sem skólar og leikskólar eru í göngufæri ásamt Mjóddinni.

Verð 35,9 millj.

## SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI



**HLÍÐASMÁRI 8 - KÓPAVOGI.**

Til leigu skrifstofu - og lagerhúsnæði í góðu lyftuhúsi miðsvæðis í Kópavogi. Húsið er afar vel staðsett við fjölfarna umferðaræð.

Til leigu er eftirfarandi:

- 211 fm. skrifstofuhúsnæði á 2. hæð.
- 170 fm. lagerhúsnæði í kjallara.

Leigutími er umsejnanlegur, til lengri eða skemmri tíma.

## SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI



**SÍÐUMÚLI 27 - SKRIFSTOFUHÆÐ TIL LEIGU.**

Til leigu glæsileg 332,4 fm. mjög vönduð og mikið endurnýjuð skrifstofuhæð auk rishæðar, sem nýtt er sem geymsla.

Á hæðinni eru tvö stór opin rými, fundarherbergi og 10 afstúkaðar skrifstofur. Sameign er öll til fyrirmyndar.

Hluti húsgagna og annars búnaðar getur fylgt með eigninni.

## 4RA HERBERGJA



**LUNDUR 25 - KÓPAVOGI.**

Glæsilegt 5 hæða fjölbýlishús við Lund nr. 25 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja frá 111,0 fm. upp í 179,2 fm. og verða afhentar með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með svölum eða veröndum. Staði í bilageymslu fylgja öllum íbúðum. Afhending íbúðanna er í mars/apríl 2017.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum. Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.

## SUMARHÚS



**VATNSENDAHLÍÐ - SKORRADALUR**


Vel staðsett sumarhús við Vatnsendaahlíð í Skorradalshreppi. Eignin stendur á 2.634,0 fm. leigulóð og er skráð 53,0 fm. auk u.þ.b. 12 fm. gestahúss eða samtals um 65 fm. Húsið var byggt árið 1989 og gestahúsið árið 2010 - 2012. Húsið snýr til suðurs og nýtur vel sólar. Sólþallur er mjög stór og umlykur bústaðinn til austurs, suðurs og vesturs. Lóðin er með fallegum trjám, runnum og lítilli tjörn. Stórar grasflatir og góð aðkoma að bústaðnum.

28,5 millj.




Sverrir Kristinsson, lögg. fasteignasali | Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali | Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali, framkvæmdastjóri | Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali, sölustjóri | Magnea S. Sverrisdóttir, MBA, lögg. fasteignasali | Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumíðlari, lögg. fasteignasali | Reynir Björnsson, hagfræðingur, lögg. fasteignasali | Guðlaugur I. Guðlaugsson, lögg. fasteignasali | Brynjar Þ. Sumarliðason, BSc í vöskiptafr., aðstoðarm. fast.s. | Brynja Björg Halldórsdóttir, hdl., löggiltur fasteignasali | G. Andri Guðlaugsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali | Gunnar Jóhann Gunnarsson hdl., löggiltur fasteignasali | Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri | Elin Þorleifsdóttir, ritari | Asdís H. Júlíusdóttir, ritari | Anna M. Sigurðardóttir, ritari

## BOLLAGARÐAR 20, 170 SELTJARNARNES



Vorum að fá í sölu glæsilegt um 274 fm einbýlishús á einni hæð við Bollagarða á Seltjarnarnesi. Húsið hefur nýlega verið endurnýjað að miklu leyti á glæsilegan hátt. Mikil lofthæð er í húsinu. Glæsilegar stofur. 4-5 herbergi. Þrjú baðherbergi. Stór afgirt verönd með heitum potti. Skipti á minna einbýlishúsi, raðhúsi eða parhúsi á Seltjarnarnesi koma til greina. **Nánari uppl. veitir Magnea S. Sverrisdóttir lg. fasteignasali s: 861 8511 eða magnea@eignamidlun.is V. 160 m.**


## DALHÚS 93, 112 REYKJAVÍK.



Frábærlega staðsett og vel skipulagt 195,8 fm endaraðhús á tveimur hæðum við Dalhús í Grafarvogi, Reykjavík. Vel um gengið hús með fjórum svefnherbergjum, góðum innréttingum, tvennum svölum og innbyggðum bílskúr. Mjög snyrtileg aðkoma er að húsinu. Skóli, íþróttaaðstaða, sundlaug, skíðalyfta og fl. í göngufæri.

**Opíð hús þriðjudaginn 7. feb. milli 17:15 og 17:45. V. 63,9 m.**

## AUSTURTÚN 10, 225 GARÐABÆR



Glæsilegt 249 fm einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr og stóru upphituðu plani á útsýnisstað við Austurtún 10 Garðabæ/Álftanes. 6 svefnherbergi og tvö baðherbergi. Falleg og gróin lóð með timburverönd. Hús í góðu standi bæði að innan sem utan. Eignarlóð.

**Bókið skoðun hjá Hilmarí Þór Hafsteinsson lg. fast.sala s: 824-9098, hilmar@eignamidlun.is. V. 85 m.**

## BIRKIHLÍÐ 42, 105 REYKJAVÍK



Mjög falleg og mikið endurnýjuð samtals 184,4 fm hæð og ris auk bílskúrs í fallegu húsi við Birkihlíð í suðurhlíðunum í Reykjavík. Sér inngangur. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, borðstofu, eldhús, baðherbergi, snyrtingu og þrjú herbergi (fjögur skv. teikningu). Þrennar svalir. Glæsilegt útsýni er úr íbúðinni.

**Opíð hús þriðjudaginn 7. feb. milli 17:00 og 17:30. V. 65 m.**

## VATNSSTÍGUR 15, 101 RVÍK – PENTHOUSE ÍBÚÐ



Stórglæsileg penthouse íbúð á 9. og 10. hæð með tveimur stæðum í bílskýli, fernum svölum og frábæru útsýni til allra átta. Íbúðin er 217,5 fm með mikilli lofthæð að hluta, arni í stofu og flottum horngluggum sem gefa eigninni skemmtilegt yfirbragð. Vandaðar sérsmiðaðar innréttingar og tæki. **V. 190 m.**

Nánari uppl. veitir Reynir Björnsson lg. fast.sali s: 895 8321.

## HVASSALEITI 58, 108 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS




Mjög falleg og mikið endurnýjuð 114 fm endaíbúð á 3. hæð VR blokkinni. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, borðstofu, eldhús, svefnherbergi, vinnuherbergi/sjónvarpshol, baðherbergi og forstofu. Svalir. Um er ræða þjónustuíbúð fyrir eldri borgara og rekur Reykjavíkurborg þjónustumiðstöð á jarðhæð hússins.

**Opið hús mánudaginn 6. feb. milli 17:15 og 17:45. V. 62,5 m.**

## GLÆSIBÆR 16, 110 REYKJAVÍK




OPIÐ HÚS



Mikið endurnýjað 210 fm. 7 herb. einbýlishús á einni hæð í botnlangagötu. Stór og björt stofa með arni. Nýlegt eldhús. Endurnýjað baðherbergi. Garður er í góðri rækt með verönd á baklód. Rúmgóður bílskurur er við húsið. Mjög góð staðsetning.

**Opið hús þriðjudaginn 7. feb. milli 17:15 og 17:45. V. 78,9 m.**

## BREKKUHVARF 15, 203 KÓPAVOGUR



269,2 fm einbýlishús sem skiptist m.a. í stofur, eldhús, tvö baðherbergi, þrjú herbergi og þvottaherbergi. Yfir hluta íbúðarinnar er hol með stóru geymslurými undir súð. Bílskurur er tvöfaldur með innkeyrsludryrum, gluggum og göngudryrum. Útbúið hefur verið íbúðarrými í bílskur. **Nánari upplýsingar veita: Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s: 899 1882 og Brynjar Þór Sumarliðason nemi til lg.fs s: 896 1168. V. 79,5 m.**

## VÍKURÁS 2 110 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

4ra herbergja um 90 fm íbúð á 3.hæð í mjög góðu vel staðsettu fjölbýlishúsi. Mjög vel skipulögð eign. Þrjú svefnherb. Endurnýjað eldhús. Svalir útaf stofu. Auk þess fylgir stæði í bílageymslu. Mjög snyrtileg sameign. Íbúðin er í leigu og er laus samkvæmt samkomulagi. **Opið hús mánudaginn 6. feb. milli 17:15 og 17:45. V. 36,9 m.**

## FRAMNESVEGUR 29 101 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Snyrtileg og vel skipulögð 2ja herbergja 54,6 fm íbúð á 1. hæð í 4ra hæða steinhúsi við Framnesveg í Vesturbæ Reykjavíkur. Af hæðinni er útgangur í sameiginlegan bakgarð. Órstutt er í skóla, leikskóla og þjónustu. Göngufæri í miðbæinn. **Opið hús mánudaginn 6. feb. milli 17:15 og 17:45 (íb. 0103). V. 30,9 m.**

## GRANDAVEGUR 47 107 REYKJAVÍK



Mjög falleg samtals 108,6 fm 3ja herbergja íbúð á 7. hæð í lyftuhúsi við Grandaveg 47 í vesturbæ Reykjavíkur. Stæði í bílageymslu fylgir. Íbúðin er skráð 85,5 fm og bílastæði 23,1 fm. Stórglæsilegt útsýni er úr íbúðinni m.a. sjárvar og fjallasýn. Íbúðin er fyrir 60 ára og eldri. **V. 44,5 m. uppl. veitir Magnea S. Sverrisdóttir fast.sali s: 861 8511.**

## SÓLEYJARRIMI 1 112 REYKJAVÍK



Einstaklega vel staðsett 4ra herbergja 105,7 fm íbúð í góðu lyftuhúsi við Sóleyjaríma 1 í Grafarvogi, auk stæðis í bílageymslu. Íbúðin skiptist í forstofu, hjónaherbergi, 2 svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi, þvottahús og geymslu. Stutt í alla helstu þjónustu. Íbúðin er fyrir 50 ára og eldri. **V. 41,9 m. Nánari uppl. veitir Andri Guðlaugsson lögg. fasteignasali í síma 662-2705 eða andri@eignamidlun.is**

## HVERFISGATA 39 101 REYKJAVÍK



Falleg og talsvert endurnýjuð 96,7 fm 3ja herbergja íbúð á 4. hæð til vinstri í góðu vel staðsettu fjölbýli í miðborginni. Snyrtileg sameign, tvö herb., bað, eldhús og stofa. Endurnýjuð eign að hluta. Til afhendingar við kaupsamning. **Nánari uppl. veita: Reynir Björnsson lg.fs. í s: 895-8321, reynir@eignamidlun.is og Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs í s: 899-1882. V. 39,5 m.**

## Skeiðakur – Lóð 210 Garðabæ

Einstaklega vel staðsett eignarlóð í Akrahverfinu í Garðabæ.

Lóðin er staðsett innst í götu og er skammt frá allri helstu þjónustu. Lóðin er skráð 903 fm eignarlóð. Teikningar eftir Sigurð Hallgrímsson (ósamþykktar) geta fylgt ef sérstaklega er um það samið.

**Nánari upplýsingar veitir Andri Guðlaugsson lögg. fasteignasali í síma 662-2705 eða á andri@eignamidlun.is**

## HYRJARHÖFÐI 3, 110 REYKJAVÍK



840 fm atvinnuhúsnæði með mikla möguleika að Hyrjarhöfða 3 í Reykjavík. Aðkoma einnig frá Funahöfða 8. Funahöfða megin eru þrjár innkeyrsluhurðir. Malbikað bílaplan. Góð lofthæð. Lausir leigusamningar. Ásett verð 149,9 millj. Nánari upplýsingar veitir Gunnar J. Gunnarsson lögg. fasteignasali í síma 695-2525. **V. 149 m.**



**Brávallagata 16A,-3ja hæð**  
OPIÐ HÚS ÞRI 7.FEB. KL. 16:30-17:00



Brávallagata 16Aa, 3ja hæð:  
Stórglæsileg ca. 103 fm. mikið  
endurnýjuð 4ra herbergja íbúð á  
frábærum staða í 101. Skiptist í tvö  
svefnherbergi og tvær rúmgóðar  
stofur, endurnýjað eldhúsi og bað-  
herbergi. Suðaustursvalir frá eldhúsi.  
Gott geymslu/vinnuherbergi í risi.

Verð 49,9 millj.

OPIÐ HÚS þri 7.feb. kl. 16:30-17:00,  
verið velkomin.

**Kleppsvegur 104**  
HÚSEIGN MEÐ 3 ÍBÚÐUM



Kleppsvegur 104: Mikið endurnýjað  
einbýli með tveimur aukaíbúðum.  
Á aðalhæð er íbúð m/rúmgóðum  
stofum, 3 svefnh. og endurnýjuðu  
eldhúsi og baðh. Í kjallara er góð ca.  
61 fm íbúð með sérinnangi.  
Bílskúr sem er um 39 fm hefur nýlega  
verið innréttaður sem mjög góð  
2ja herbergja íbúð. Stórt malbikað  
bílaplan og rúmgóð lóð.  
Verð 77,7 millj.  
Miklir tekjumöguleikar.

**Bakkabraut, Kópavogi**  
ATVINNUHÚSNÆÐI



Ca 385 fm. atvinnuhúsnæði við  
Bakkabraut í Kópavogi. Um er  
að ræða 2 bil með tvennum  
innkeyrsludryrum og tvennum  
innngöngum.

Húsnæði á frábærum staða á Kárs-  
nesinu í Kópavogi með sjávarútsýni  
og miklum möguleikum.

Pantið tíma fyrir skoðun.

**Sumarhús við Þingvallavatn**  
EINSTÖK STAÐSETNING.



Samtals 76 fm. sumarhús með  
gestahúsi á fallegum stað við Efristig  
í Þjóðgarðinum á Þingvöllum.

Frábært útsýni yfir vatnið.  
Lóðin er 1 ha. leigulóð.

Einstakt tækifæri til að eignast sumar-  
hús í þessari náttúruparadis.

**Sumarhúsalóð Fjallaland**  
LEIRUBAKKA.



Ca. 7000 fm. lóð á einstökum stað í  
Fjallalandi-Leirubakka í grennd við  
Rangá. Gott verð, 2,5 millj. Fjallasýn  
er óviðjafnanleg til m.a. Eyjafalla-  
jökuls, Heklu og Búrfells ásamt  
fjallahring Arnessýslu í vestri. Lóðin  
